

KLÍFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF :: 1. TBL. 23. ÁRG.



Viðtal við Helga Sveinsson,
spjótkastara sem keppti á
Ólympíumóti fatlaðra



Friðrik Þ. Ólason
segir frá HK
hjólástólahandboltanum



Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir,
forstöðumaður Þekkingar-
miðstöðvar Sjálfsbjargar



Þingur Pétur Geirsson
formaður Sjálfsbjargar Isf.

Jólahappdrætti Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra eru mannréttindasamtök sem berjast fyrir bættum hag hreyfihlaðs fólks í samfélaginu. Baráttan nú snýst meðal annars um að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun verði lögfestur. Samningurinn er á allan hátt réttarbót í málefnum fatlaðs fólks og yfirlýsing um að mannréttindi eru ætluð öllum. Í 1. grein samningsins segir: „Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.“

Í þessu samhengi vekur Sjálfsbjörg athygli almennings á mikilvægum áfanga í réttindabaráttu fatlaðs fólks en þann 21. október 2010 gerðist sá merki atburður að hjólastólahandboltafélag HK var stofnað innan handknattleiksdeildar HK. Stofnun sérstaks hjólastólahandknattleiksráðs gerir það að verkum að þeir sem sitja í hjólastól en hafa jafnframt áhuga á að iðka sína íþrótt hafa nú sömu stöðu innan HK og aðrir þeir sem íþróttir stunda undir merkjum HK.

Með kaupum á happdrættismiða í Jólahappdrætti Sjálfsbjargar 2012 styður þú mannréttindabaráttu Sjálfsbjargar. Happdrættið er megintekjulind samtakanna og gott gengi þess er forsenda fyrir því að Sjálfsbjörg geti haldið úti öflugri baráttu.

Góðir vinningar eru í boði. Fyrsti vinningur er Citroen bifreið að verðmæti 3 milljónir króna. Aðrir vinningar eru iPhone 5 farsímar, bensínúttektir og gjafakort.

Dregið verður í happdrættinu 24. desember 2012.

PINN stuðningur skiptir Sjálfsbjörg miklu máli.



Fagleg og persónuleg

þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum SÍ, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.



Hafðu samband og við sendum þér TENA bæklinginn.

Ýmis úrræði og ráðgjöf vegna þvagleka

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV Unique 160312

GREIDS

SJÁLFSBJÖRG LANDSSAMBAND FATLAÐRA
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími 550 0360
mottaka@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is
kt. 570269-2169

Jólahappdrætti Sjálfsbjargar

Greittandi

Til greiðslu á gjaldþaga

Dráttarveitur

Annar kostnaður Vanskilakostnaður Vanskilagjöld

KENNITALA NÚMÉR FL. BANKI HB. GJALDBAGI

Hér fyrir ofan má hvorki skrifa né stimpla.

SJÁLFSBJÖRG LANDSSAMBAND FATLAÐRA
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími 550 0360
mottaka@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is
kt. 570269-2169

1. Vinningur
Bifreið af gerðinni Citroen C3 Picasso, sjálfskriptur, dísil frá bílaumbodinu Brimborg ehf, að verðmæti kr. 3.090.000

2.-21. Vinnur
Tíu iPhone 5 farsímar hver á kr. 170.000



KLIFUR

Mál gagn Sjálfsbjargar

Útgefandi: Sjálfsbjörg,
landssamband fatlaðra.
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500 300 - Fax: 5500 301
mottaka@sjalfsbjorg.is

Útgáfunefnd: Aðalbjörg Gunnarsdóttir,
Andri Valgeirsson og
Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Ritstjóri: Hilmar Karlsson
hkarls@simnet.is

Ábyrgðarmaður: Tryggvi Friðjónsson
tryggvi@sbh.is

Hönnun og umbrot og prentun:
Nýprent ehf. - nyprent@nyprent.is

Auglýsingar: Markaðsráð ehf.

Forsíðumynd og myndir frá hjólastóla-
handbolta tók Eyjólfur Garðarsson.
Aðrar myndir; ýmsir

EFNISYFIRLIT

- 2 Jólhappdrætti Sjálfsbjargar
- 3 Öryrkjar, fólk án fullra mannréttinda
- 4 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar
- 8 Götuhernaður
- 9 Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu
- 10 Sjálfsbjörg á Akureyri
- 11 Nýr formaður í Bolungarvík
- 11 Sudoku
- 12 Hjólastólahandbolti
- 14 Acces Iceland aðgengismarkjakerfið
- 15 Aðgengi og upplifun fatlaðs fólks af foreldrahlutverkinu
- 17 Staðgöngumæðrun
- 19 Halaleikhópurinn 20 ára
- 21 Þing Sjálfsbjargar Isf.
- 22 Pistill; Grétar Pétur Geirsson
- 23 Helgi Sveinsson, spjótkastari
- 26 Frá sambandsstjórn Sjálfsbjargar
- 27 Krossgáta

Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Öryrkjar, fólk án fullra mannréttinda

Fyrir ári síðan var ég splunkunýr formaður Sjálfsbjargar félags fatlaðra í Skagafirði. Starfsemi á vegum félagsins hafði legið niðri um hríð. Ég var beðin um að endurvekja það og varð ég við beiðninni þrátt fyrir að þekkinga afskaplega lítið til starfa Sjálfsbjargar, yfir höfuð. Mér fannst þetta mikil áskorun og finnst það enn ári síðar, ég hef á þessum tíma sem liðinn er skrpað saman þekkingu í þekkingarskjóðu mína, á málefnum Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og aðildarféлага. Hver baráttumálin eru? Fyrir hvað stöndum við? Hverju hafa þessi stóru hagsmunasamtök áorkað og svo framvegis. Ég veit nú að Sjálfsbjörg hefur skipt sköpum fyrir marga einstaklinga á liðnum áratugum. Sem betur fer eigum við í dag öflug félög um land allt sem mynda aðhald og þrýsting á sveitarstjórnir, borgarstjórn og ríkisstjórn. **Við verðum að vera vakandi og minna þetta ágæta ráðafólk okkar á að öryrkjar eru líka fólk sem þarf að lifa á nákvæmlega sama hátt og aðrir þegnar þjóðfélagsins.**

Þegar ég þurfti að takast á við breyttar aðstæður í lífi mínu komu ýmsir hlutir ansi flatt upp á mig. Fyrir rúmum fimm árum var ég gangandi þegn samfélagsins, slys varð til þess að ég lamaðist og í dag fer ég allra minna ferða í hjólastól. Það sem kom mér mest á óvart var lélegt aðgengi og hvað það gerði mig miklu hamlaðri en ég í raun var. Aðgengismál hafa verið og eru aðal baráttumál Sjálfsbjargar og þrátt fyrir áratuga baráttu fyrir bættu aðgengi erum við enn að glíma við að ekkert aðgengi er að; ýmsum opinberum fyrirtækjum, verslunum, skemmtistöðum, ferðamannastöðum, bókasöfnum o.fl. ofl.

Í dag er búið að samþykkja nýja byggingarreglugerð. Í henni er ákveðin réttlætning til handa okkur hreyfihömluðu fólki, réttlætning sem snýst um þau sjálfsögðu mannréttindi að allir eigi rétt á að komast hindrunarlaust um í samfélaginu.



-Ég skora á sveitarfélög og ráðamenna landsins að taka til hendinni í aðgengismálum og útrýma þröskuldum milli okkar sem erum hreyfihömluð og þeirra sem eru það ekki.

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, forstöðumaður
Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar

Auðveldum fötluðu fólki að lifa sjálfstæðu lífi

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar tók til starfa 8. júní 2012. Hún er samstarfsverkefni Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilisins. Undirbúningur að opnun Þekkingarmiðstöðvarinnar hófst árið 2009.

Þekkingarmiðstöðin veitir fólki með hreyfihömlun og aðstandendum þess upplýsingar um rétt þess samkvæmt íslenskum lögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hjá Þekkingarmiðstöðinni er einnig að finna yfirsýn yfir þjónustu og aðstoð sem auðveldar hreyfihömluðu fólki að lifa sjálfstæðu lífi og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Fræðsla fyrir fólk með hreyfihömlun, aðstandendur, almenning, fyrirtæki og stofnanir er mjög mikilvægur hluti af starfi Þekkingarmiðstöðvarinnar. Fræðslan er m.a. í formi jafningjafræðslu og námskeiða.

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir (Didda) er forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvarinnar. Hún hefur verið virk í félagsmálum innan Sjálfsbjargar sem og Öryrkjabandalags Íslands og er því vel kunnug málefnum hreyfihamlaðs fólks.

„Ég var kosin í stjórnir Sjálfsbjargarheimilisins og landssambandsins 2010 um sama leyti og tekin var formleg ákvörðun um að setja Þekkingarmiðstöðina í gang en undirbúningshópur hafði starfað að stofnun miðstöðvarinnar. Svo gerist það haustið 2011 að mér fannst verkefnið vera orðið mjög spennandi og þá kom tillaga frá Tryggva Friðjónssyni, framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar um að ég stýrði hópi hreyfihamlaðs fólks sem myndi byrja að safna upplýsingum fyrir væntanlega heimasíðu Þekkingarmiðstöðvarinnar. Þannig hófst bein aðkoma mín að þessu verkefni og í framhaldi auglýstum við í blöðum eftir fólki í þennan undirbúningshóp og vorum mjög glöð þegar kom í ljós að flestir umsækjendur voru félagar í Sjálfsbjörg. Ákvörðun var tekin um að ráða sjö manns í hlutastörf.

Þegar svo var auglýst eftir forstöðumanni Þekkingarmiðstöðvarinnar í vor, fannst mér starfið mjög áhugavert, hafði orðið góða þekkingu á málefnum og sótti um og fékk starfið. Vil ég

nota tækifærið og þakka þeim Þorkeli Sigurlaugssyni, formanni stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins og Grétari Pétri Geirssyni,

formanni landssambandsins og stjórnunum þeirra fyrir það traust sem þeir sýndu mér með því að ráða mig í forstöðumannsstarfið. Óhætt er að segja að þegar ég tók við starfinu urðu miklar breytingar á mínum högum þar sem ég hafði verið heimavinnandi að mestu leyti í mörg ár. Ég vil geta þess hversu lánsöm við erum að til okkar réðst frábært starfsfólk: Rannveig Bjarnadóttir, ráðgjafi og staðgengill forstöðumanns, Guðný Bachmann, ráðgjafi og umsjónarmaður fræðslumála, Andri Valgeirsson, ráðgjafi og umsjónarmaður tölvumála og Sigurbjörg Danielsdóttir, ráðgjafi. Í allt er um tæplega fjögur stöðugildi að ræða.“

Allir fá sömu meðferð

Guðbjörg segir að kominn hafi verið tími á eitthvað nýtt í starfi Sjálfsbjargar sem fylgdi eftir þeim breytingum sem hafa orðið á lífi hreyfihamlaðs fólks.



„Einstaklingur sem leitar til okkar getur verið fatlaður sjálfur, það getur verið aðstandandi og það getur einnig verið stofnun eða fyrirtæki. Við reynum að veita þær upplýsingar sem viðkomandi þarf og ef okkar upplýsingar nægja ekki þá að geta leiðbeint áfram í kerfinu.

Þar sem Sjálfsbjörg er bakhjarl Þekkingarmiðstöðvarinnar er eðlilegt að markhópurinn til að byrja með sé hreyfihamlað fólk frá 18 ára aldri. Það er nú samt svo að ef einhver hringir inn til okkar þá erum við ekki að spyrja hvort viðkomandi sé hreyfihamlaður eða orðinn 18 ára, heldur spyrjum strax hvað það er sem hann þarf á að halda, hvernig við getum aðstoðað og leitt áfram. Allir sem nýta sér þjónustu okkar fá sömu meðferðina. Einstaklingur sem leitar til okkar getur verið fatlaður sjálfur, það getur verið aðstandandi og það getur einnig verið stofnun eða fyrirtæki. Við reynum að veita þær upplýsingar sem viðkomandi þarf og ef okkar upplýsingar nægja ekki þá að geta leiðbeint áfram í kerfinu.

Mjög gott fyrirkomulag er að nýta tölvupóstinn og svokallað netspjall, því þá getum við t.d. sent tengla á eyðublöð sem viðkomandi getur prentað út sjálfur. Gaman er að segja frá því að til okkar hafa leitað háskólanemar

sem eru að leita upplýsinga, kannski að gera lokaverkefni sem snertir mál efni fatlaðra og m.a. höfum við aðstoðað þroskaþjálfara í undirbúningi lokaverkefnis og annan sem var að fjalla um ferðamáli innanlands.“



Guðbjörg 16 ára gömul. Myndin er tekin á Reykjalundi þegar hún að eigin sögn hætti að vera sjúklíngur.

er einna helst hversu flókið kerfið getur verið og hversu tímafrekt það getur verið að fá réttu upplýsingarnar. Við erum t.d. að vinna í að safna upplýsingum um þjónustu sveitarfélaga, en takmark okkar er að sá sem kemur inn

Takk fyrir stuðninginn

REYKJAVÍK

101 Reykjavík fasteignasala ehf, Laugavegi 66
 Aðalvík ehf, Ármúla 15
 Arason ehf, Ármúla 36
 Arentsstál ehf, Krókhálsi 5f
 ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjaslóð 9
 Arkitektastofan OG ehf, Skúlatúni 2
 ASK Arkitektar ehf, Geirsgötu 9
 Atlantik ehf, Grandagarði 14
 Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
 Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
 Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
 Bergá-Sandblástur ehf, Esjumel 5
 Bifreiðastíllingar Nicolai, Faxafeni 12
 Bifreiðaverkstæði Svans ehf, Eirhöfði 11
 Bílahöllin-Bílayövern hf, Bildshöfða 5
 Bilalíf ehf, Kletthálsi 2
 Bílasmiðurinn hf, sími 567 2330, Bildshöfða 16
 Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
 Blíkksmiðja Austurbæjar ehf, Súðarvogi 9
 Blíkksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
 Borgarhóll ehf, smíðaverktaki sími 696 1803, Suðurási 26
 Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2 A
 Bókhaldsþjónustan Vík, Síðumúla 12
 Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
 BSR ehf, Skógarhlíð 18
 BSRB, Grettisgötu 89
 Danfoss hf, Skútuvogi 6
 DG sf, Viðarhöfða 6
 Drafnarfell ehf, Stórhöfða 35
 Dúkarinn Óli Már ehf, Langholtsvegi 143
 Dúklagnameistarinn ehf, Viðjugerði 6
 Efling stéttarfélag, Sættúni 1
 Eignamiðlunin Reykjavík og Mosfellsbæ, Síðumúla 21
 Eignaumsjá ehf, Skeifunni 17
 Einar Jónsson Skipaþjónusta, Laufásvegi 2a
 Endurskoðendapjónustan ehf, Skipholti 50d
 Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5
 Erna hf, gull- og silfursmiðja, Skipholti 3
 Eyfir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
 F S verk ehf, Berjaríma 53
 Faxafloahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
 Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Borgartúni 33
 Finnboi Helgason, tannsmiður, Klapparstígur 16
 Fjallabak ehf, Skólavörðustíg 12
 Fjárfestingamiðlun Íslands ehf, Síðumúla 35
 Fjárhald ehf, Síðumúla 27
 Forum lögmenn ehf, Aðalstræti 6
 Fyrir alla ehf, Kleifarseli 2
 Fönix ehf, heimilistækjaverslun, Hátúni 6a
 Gallabuxnabúðin Kringlunni, Kringlunni 4-12
 Garðs Apótek ehf, Sogavegi 108
 Gestamóttakan ehf - Your Host in Iceland, Kirkjutorgi 6
 Gissur og Pálmi ehf, byggingafélag, Álfabakka 14a
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Glófaxi hf, Ármúli 42
 Gluggahreinsun Loga, Funafold 4
 Grái kötturinn ehf, Hverfsgötu 16a
 Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11
 Handlæknastöðin ehf, Álfheimum 74

Flókin heimasíða á lokasprettinum

Að sögn Guðbjargar hefur starfsfólk Þekkingarmiðstöðvarinnar unnið undanfarið við að ljúka uppsetningu á heimasíðunni sem hefur slóðina www.Þekkingarmiðstöð.is. „Þetta er flókin heimasíða og má nefna að við höfum ekki fundið fyrirmynd að slíkri síðu neins staðar í heiminum svo heimasíðan er að öllu leyti okkar verk. Það eru til upplýsingasíður sem eru þá frekar afmarkaðar en engin sem tekur á málinu á sama hátt og við. Enn erum við ekki búin að klára heimasíðuna tæknilega séð, en því er alveg að ljúka. Innlit á síðuna hafa verið að aukast jafnt og þétt en um leið erum við mjög upptekin í að safna nýjum upplýsingum.

Vert er að taka fram að við tökum aldrei niður nöfn fólks og biðjum aldrei um kennitölur og hjá okkur verður enginn gagnagrunnur til með upplýsingum um fólk enda oft um viðkvæmar upplýsingar fyrir viðkomandi sem engum öðrum kemur við. Sem dæmi má nefna að ef fötluð manneskja sem fær örorkulífeyri er að selja íbúð eða hús þá vill hún fá að vita hvernig slík sala snýr gagnvart Tryggingastofnun. Hringt er til okkar með spurninguna og höfum við síðan oft samband við Tryggingastofnun með fyrirsurnina án þess að gefa upp nafn og þannig er hægt að fá upplýsingar sem að öðru leyti hefðu ekki fengist nema að gefa upp nafn og kennitölu.“

Guðbjörg er spurð hvort eitthvað í starfi Þekkingarmiðstöðvarinnar taki meiri tíma en hún hélt fyrirfram. „Það



Guðbjörg ásamt eiginmanni sínum, Dirk Lubker og syninum Markús Svavari, sem heldur á fjórða meðlimi fjölskyldunnar, púðlublendingnum Tinna.

á heimasíðu okkar geti slegið inn nafn á sveitarfélagi og og fundið á einni síðu helstu upplýsingar, eyðublöð og reglugerðir í þeim málaflokkum sem viðkoma fötluðu fólki. Ekki er alltaf auðvelt að finna þessar upplýsingar á heimasíðum sveitarfélaganna, sumt fer undir stjórnsýslu, annað fellur undir félagsþjónustu og fleiri undirflokka sem við höfum þurft að hafa mikið fyrir að leita eftir. Einnig erum við að vinna í að að mynda tengsl við þær stofnanir sem



Opnun Þekkingarmiðstöðvarinnar fór fram utandyra í góðu veðri og var mikill fjöldi gesta viðstaddur.



Starfsfólk Þekkingarmiðstöðvarinnar við opnun hennar í júní. Talið frá vinstri: Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, forstöðumaður, Rannveig Bjarnadóttir, ráðgjafi og staðgengill forstöðumanns, Guðný Bachmann, ráðgjafi og umsjónarmaður fræðslumála, Sigurbjörg Daníelsdóttir, ráðgjafi og Andri Valgeirsson, ráðgjafi og umsjónarmaður tölvumála.

hreyfihlaðir leita helst til og miðlum upplýsingum til landssambandsins sem kannski eru meira hagsmunatengdar.“

Veiktist í æsku

Guðbjörg er búin að vera hreyfihömluð frá því hún var barn að aldri. „Ég fékk snemma barnagigt og er nú komin með fjórar tegundir af gigt sem getur alltaf skeð þegar einstaklingur hefur haft gigtarsjúkdóma í marga áratugi, en ég hef það gott, er núorðið sjaldan með liðbólgu eða aðra alvarlega fylgikvilla, er reyndar með mikinn augn- og munnþurrk sem er fylgifiskur gigtarinnar og er með skemmdir í næstum öllum liðamótum. Ég veiktist fyrst þegar ég var 4-5 ára út frá eitrun í hálskirtlum og þá kom upp gigtin í mér. Gigtin fór svo þegar kirtlarnir voru teknir tveimur árum síðar. Svo veiktist ég aftur þegar ég var 11 ára en þá bjó ég með fjölskyldu minni í Lúxemborg þar sem faðir minn vann hjá Loftleiðum. Ég

veiktist mjög alvarlega og var tvisvar með stuttu millibili flutt á spítala. Læknar í Lúxemborg náðu ekki tökum á sjúkdómnum og í seinna skiptið var flogið með mig fárveika á Landspítalann, ég man varla eftir mér í heilan mánuð. Upp úr þessum veikindum skemmast í mér flest liðamót sem hindrar edlilegar hreyfingar hjá mér. Með árunum hef ég lært að nota vel þær hreyfingar sem ég hef og einn sjúkrapjálfi sagði við mig að ég nýtti vel allar hreyfingar sem ég hefði yfir að ráða, en ég er mjög viðkvæm fyrir öllum bólgu og ef ég bólgu í olnboga getur komið fyrir að ég næ ekki með gafflinum upp í munninn á mér.

Um sama leyti og ég verð mjög slæm af barnagigtinni flytur fjölskyldan heim frá Lúxemborg. Þegar heim er komið þá þurfti ég að vera í mikilli sjúkrapjálfun. Fimmtán ára samþykki ég að fara á Reykjalund en hafði neitað einu sinni áður. Þetta var um miðjan áttunda áratuginn þegar edlilegt þótti að fatlað fólk færi á stofnanir. Heima hafði ég

bara verið sjúklingur, mætti illa í skóla á tímabili, en gekk samt vel í náminu. Í dag finnst mér rangt að senda 15 ára ungling varnarlausan á stofnun. Ég get samt ekki kvartað yfir neinu eftir á og á Reykjalundi fór ég í landspróf, fékk starfsþjálfun, kynntist starfinu í Sjálfsbjörg og fór að iðka íþróttir. Það má segja að þegar ég kynntist starfinu í Sjálfsbjörg þá var viss byrði tekin af herðum mér og mér fannst ég ekki vera jafnmikill sjúklingur og áður og upplifði umhverfið allt öðruvísi, komst út úr skelinni eins og sagt er, en ég verð að taka það fram að ég var meira fötluð á þessum árum. Ég fékk nýja mjaðmaliði þegar ég var 25 ára og það breytti miklu fyrir mig.“

Tölvukunnáttan kom að góðum notum

Guðbjörg er fjölskyldumanneskja, gift Dirk Lubker, rekstrarhagfræðingi og eiga þau einn son, Markús Svavar, sem er 16 ára. „Ég kynntist eiginmanni mínum þegar ég fór til Þýskalands að námi loknu í Háskóla Íslands þar sem ég lauk prófi í kennsluréttindum og í þýsku. Ég fór í framhaldsnám í Bielefeld og kynntist Dirk í tengslum við háskólanámið þar. Meðfram náminu vann ég um tíma sem aðstoðarmanneskja prófessors og ég er dálítið hreykinn yfir því að hafa verið fyrsti útlendingurinn sem var ráðinn til að prófarkalesa þýskan texta fyrir prófessorinn. En það sem fleytti mér vel áfram á vinnumarkaðinum meðfram náminu var að ég kunnist á tölvu. Þetta var árið 1991 þegar tölvuvæðingin var ekki komin langt á veg. Ég hafði unnið í fimm ár í fyrirtæki sem hét Gísli J. Johnsen og var þar verslunarstjóri, en fyrirtækið er fyrirrennari Nýherja og seldi m.a. IBM tölvu.

Þegar ég kom til Þýskalands kom í ljós að ég var langt á undan mörgum þar í landi hvað varðar tölvukunnáttu og það fréttist innan skólans og var ég strax ráðin við uppsetningu og umbrot á tveimur bókum í PC tölvu. Við tölvuvinnsluna vann ég síðan með náminu ásamt prófarkalestrinum.

Við bjuggum síðan í fjögur ár í Noregi og Svíþjóð en þegar við fluttum svo heim 2002 varð Dirk strax mjög hrifinn af landinu og tók meistaraþráðu í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands og fannst það stórkostlegt að geta tekið meistaraþráðu í sínu fagi í svona litlu þjóðfélagi og það sem meira var, hann var ekki nema korter að keyra í skólann úr Hafnarfirði, þar sem við eigum okkar heimili.

Ég hef búið samtals í nær tuttugu ár erlendis en í dag get ég ekki hugsað mér að búa neins staðar annars staðar en á Íslandi. Ég er búinn að reyna

Markmið þekkingarmiðstöðvarinnar

- Að veita hreyfihömluðu fólki og aðstandendum þeirra upplýsingar og stuðning á þeirra eigin forsendum.
- Að standa fyrir námskeiðum og jafningjafræðslu.
- Að efla þekkingu á málefnum hreyfihamlaðs fólks og vinna þannig að hugarfarsbreytingu í samfélaginu.

heilbrigðiskerfið í sex löndum og við drengurinn minn, Markús Svavar meira að segja búin að fara á sjúkrahús í þessum sex löndum samtals. Við höfum alltaf fengið bestu þjónustuna hér heima.

Gigtin í mér er ættgengur sjúkdómur og sonur minn hefur erfð hana. Báðir foreldrar mínir fengu gigt, við erum þrjá systurnar og erum við tvær með gigt og af sjö barnabörnum eru þrjú með gigt. Ég vissi að þegar okkur langaði að eignast barn að viss áhætta var tekin, en mér var hugsað til þess að ég lifi hamingjusömu lífi og hversu úrræðin eru orðin góð, en auðvitað var mjög erfitt að kyngja því þegar Markús Svavar svo fékk gigtina, erfiðara en ég hélt fyrir, en gigtin hjá honum er væg, hann er mikið í íþróttum og finnur lítið fyrir sjúkdómnum.“

Þekkingarmiðstöðin á eftir að festast í sessi

Guðbjörg er að lokum spurð hvort hún sjái fyrir sér að þekkingarmiðstöðin eigi eftir að að stækka og þjóna mun víðar



í samfélaginu. „Okkar stefna er að sinna öllum þeim sem þurfa á upplýsingum að halda til handa fötluðu fólki og vera óháð öllum hagsmunasamtökum. Ég sé fyrir mér að við eigum eftir að festast í sessi og sjálfvirkni verði meiri með

fullkominni heimasíðu og að ýmsar stofnanir tengist henni og að við veitum visst aðhald. Við njótum þess að hafa nafn Sjálfsbjargar í nafninu okkar. Námskeiðahald á vegum okkar ásamt jafningjafræðslu er og verður hluti af starfseminni og fyrir stuttu vorum við í samstarfi við Rauða krossinn með skyndihjálparnámskeið fyrir hreyfihamlað fólk. Þetta var námskeið í hjartahnoði þar sem farið var yfir hvernig skal haga sér þegar hreyfihamlaður einstaklingur er einn með manneskju sem fær hjartaáfall. Námskeiðið heppnaðist mjög vel og tók ég sjálf þátt í því og kom í ljós að ef ég með mína takmörkuðu hreyfigetu lendi í þessari aðstöðu, þá get ég notað hælinn til að beita hjartahnoði. Vonandi kemur þó ekki til að ég lendi í slíku en nú veit ég hvernig ég næ bestum árangri.

Hvort sem við vöxum mikið eða höldum okkar striki eins og starfsemin er í dag þá er starfið mjög jákvætt í alla staði og ég hef gaman af því að mæta í vinnuna og alltaf spennt að vita hvaða fyrirspurnir skyldu nú berast til okkar í dag.“

Sjálfsbjörg þakkar stuðninginn



ISNIC

FRAMTAK
BLOSSI ehf

SORPA
ÁRANGUR Í UMHERFISMÁLUM

Götuheraðurinn 2012

Að tilefni opunar Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar voru strákarnir hjá oryrki.is fengnir til að gera kynninga- og auglýsingamyndbönd fyrir miðstöðina ásamt því að gera ýmis kennslumyndbönd fyrir hjálpartæki og beitingu þeirra. Fyrir þá sem þekja ekki til strákanna halda þeir uppi vefsíðunni www.oryrki.is þar sem þeir setja inn stutt myndbrot (sketcha), myndir, tónlist og aðra geysigóða afþreyingu. Aðal þema verkefnisins er að gera grín að samfélaginu og þeim sjálfum, oft er farið í mjög svartan húmor en þeir segja að það sé eina leiðin til að fanga athygli fólks og einnig segja þeir að ekkert sé eins skemmtilegt og að sjokkera eins og að stuða fólk. Ég spurði strákana aðeins út í starfsemi þeirra í sumar.

Ljósmyndari. Hugmyndin var að gera stop-motion myndband sem er svona best útskýrt sem myndband gert með ótal ljósmyndum. Við prentuðum út ótal happdrættismiða og límum á heilan vegg á skrifstofunni okkar ásamt því að vefja hann Egil Kaktus í happdrættismiða líka, svo rifum við alltaf meira og meira af honum þangað til allt var farið af honum og af veggnum svo fór hann og hjálpaði Andra í skó. Þessar myndir tókum við svo og settum þetta saman í myndband. Hugmyndin bakvið þetta er semsagt að Sjálfsbjörg er búið að vinna mjög mikilvægt starf í þágu hreyfihamlaðra og við vorum semsagt að benda á NPA (Notendastýrð Persónuleg Aðstoð) í þessu myndbandi.

Reykjavíkurmaraþon 2012

Andri ákvað að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu aftur eins og í fyrra og var safnað núna fyrir Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. Strákarnir allir gerðu svo auglýsingamyndband fyrir hlaupið til að kynna Andra og var gerður mjög jákvæður sketch þar sem því neikvæða í samfélaginu í garð hreyfihamlaðra var breytt í eitthvað jákvætt og var það sýnt mjög myndrænt í þessu myndbandi. Var svo fjallað um myndbandið í öllum helstu netfréttamiðlum á landinu og vakti það mikla kátínu. Hlaupið gekk svo mjög vel og var Andri nokkrum mínútum frá því að bæta sig frá árinu áður.

Allt annað

Við gerðum margt annað í sumar eins og kennslumyndbönd fyrir ýmis hjálpartæki sem koma á



2012 - Þyluferð upp á Esjuna



2012 - Á toppnum



2012 - Úr Reykjavíkurmaraþon „sketchinum“



Happdrættismiðarnir á veggnum.

Happdrætti Sjálfsbjargar

Við vorum beðnir um að gera auglýsingu fyrir happdrætti Sjálfsbjargar sem var núna í júní. Við vildum vera aðeins öðruvísi í þetta skiptið og fengum hann Magnús Elvar Jónsson sem er nemandi í Listaháskóla Íslands til að aðstoða okkur en hann er þaulreyndur

vef Þekkingarmiðstöðvarinnar á næstunni, þyluferð upp á Esjuna sem var tekið upp og svo auðvitað margir aðrir grínsketchar sem verða á heimasíðunni okkar. Við viljum annars bara þakka öllum fyrir frábært sumar og vonandi finnst ykkur þetta jafnt skemmtilegt og okkur fannst að gera þetta efni.

Endilega kikið svo á vefinn okkar, þar sjáiði alla sketchana okkar og komist inn á Facebook síðuna okkar og margt fleira.

P-merki á Esjunni, gert með þylrunni úr þylfluginu

Ásta Dís Guðjónsdóttir, formaður
Sjálfsbjargar, félags fatlaðra
á höfuðborgarsvæðinu

Eitthvað um að vera flest kvöld og súpa í hádeginu tvisvar í viku

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, var stofnað árið 1958 og var annað Sjálfsbjargarfélagið á landinu. Öflugt félagsstarf hefur einkennt félagið í gegnum tíðina og starfa á vegum þess fjöldi nefnda. Félagið rekur skrifstofu í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12 og eru tveir starfsmenn á skrifstofunni. Formaður Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu er Ásta Dís Guðjónsdóttir.

„Flest kvöld vikunnar er eitthvað um að vera í salnum okkar, má þar nefna fyrir utan fundi, félagsvist, bingó, og bridge. Skák var einnig stunduð en hefur legið niðri, en vilji er fyrir hendi að koma skákinni aftur af stað. Á þriðjudögum og fimmtudögum erum við með súpu og samveru í hádeginu, sem er mjög vinsælt. Við vorum með súpuna aðeins á þriðjudögum, en bættum nýverið fimmtudeginum við. Þarna er ekki bara hægt að fá súpu og brauð fyrir 300 kr. heldur einnig notalega samverustund, spjalla við fólk yfir kaffisopa, lesa blöðin, spila, prjóna eða fönðra. Slík samvera er mikilvæg fyrir okkar fólk svo það einangrist síður. Reglulega eru svo böll og káriök kvöld.

Á sumrin breytist starfið en þá má segja að við flytjum félagsstarfsemina í Krika, sem er bústaður sem við eigum við Elliðavatn. Þar erum við með fasta viðveru alla daga í þrjá mánuði. Sú starfsemi er mönnuð af sjálfbóðaliðum. Við köllum Krika, Paradís á jörðu, m.a. vegna þess að þar er sérlega skjólsælt og sólríkt. Ég bý í Breiðholti og oft þegar veðrið er ekki gott þá legg ég leið mína í Krika og það er segin saga, þar er fínasta veður.

Baráttumálin eru svo alltaf í fyrirrúmi hjá okkur og aðal baráttumálið í dag er að breyta almannatryggingalögum ásamt því að hækka bæturnar. Fyrirkomulagið eins og það hefur verið, gengur ekki lengur. Við þurfum öll að leggjast á eitt að koma þessu í lag. Ástandið er núna þannig að ef við fáum viðbótarkrónu á einum stað þá skerðist hún á öðrum og ekkert réttlæti er í slíku. Einnig höfum við áhyggjur af

ferðapjónustunni. Ég vil meina að það megi ekki skerða grundvallarmannréttindi bara til að spara nokkrar krónur. Við þurfum að fá Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks samþykkan. Þó við séum búin að skrifa undir hann, og skrifum þar með undir ákvæði um að við göngum ekki gegn honum, þá þarf samt að lögfesta sáttmálann svo gildi hans skipti meira máli. Þetta ætti að vera komið í lag fyrir löngu.“

Ásta Dís hefur starfað með hópi á vegum Rauða krossins og Hjálparstarfs kirkjunnar sem berst fyrir betra samfélagi. „Í þessu hópsamstarfi varð til skýrsla sem heitir *Farsæld, barátta gegn fátækt á Íslandi*, og var hún afhent forsætisráðherra 17. október s.l. Ég var þarna á vegum Sjálfsbjargar og EAPN, (European Anti Poverty Network) á Íslandi. Í skýrslunni kemur fram að við þurfum að meta fólk útfrá getu en ekki skorti og þjóðfélag sem sættir sig við fátækt er þjóðfélag sem gerir ekki ráð fyrir þátttöku allra. Öll höfum við eitthvað fram að færa og skiptir þá ekki máli þótt einhverjir eigi við fötlun að stríða.“

Ásta Dís tók nýverið við sem formaður Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. „Segja má að ég hafi verið alla mína ævi í Sjálfsbjörg. Móðir mín er hreyfihömluð og sem barn fékk ég að hjálpa til í starfi félagsins. Eini munurinn þá og nú er að ég var að hjálpa mömmu



„Segja má að ég hafi verið alla mína ævi í Sjálfsbjörg. Móðir mín er hreyfihömluð og sem barn vildi ég alltaf fá að vera með. Eini munurinn þá og nú er að ég var að hjálpa mömmu en eftir að ég veiktist sjálf gekk ég í Sjálfsbjörg í eigin nafni.

en eftir að ég veiktist sjálf gekk ég í Sjálfsbjörg í eigin nafni. Ég hef ekki alltaf verið félagslega virk og ég þekki það af eigin raun hvernig veikindi og einangrun fara með einstaklinginn svo að úr verður vítahringur sem erfitt er að rjúfa. Mér fannst ég ekki vera þátttakandi í eigin lífi og fór þá markvisst að breyti því. Ég byrjaði á að taka meiri þátt í starfi Sjálfsbjargar, tók svo smá saman að mér meira og er í dag formaður Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu.“

Meiningin er að ég hafi fasta viðveru á skrifstofunni og geti þá tekið á móti fólki, en vegna anna hjá félaginu höfum við ekki náð að skipuleggja starfið, en stefnt er að því að ég komi til með að vera hér á mánudögum, eftir áramót. Hvað varðar framtíð Sjálfsbjargar þá finnst mér mjög mikilvægt að ná til yngra fólksins sem kannski sér engan hag í að ganga í félagið vegna alls sem réttindabaráttan hefur skilað þeim og þeir taka sem sjálf-sögðum hlut í dag. Sem dæmi má nefna að þegar félagið var stofnað 1958 þá voru réttindi fatlaða engin. Við höfum komist langt en við þurfum að ná til unga fólksins svo það sjái sér hag í að ganga í félagið og sé tilbúið að leysa okkur sem eldri erum af hólmi.“

*Herdís Ingvadóttir, formaður Sjálfsbjargar
á Akureyri og nágrenni*

Reksturinn góður en félagsstarfið mætti vera meira

Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni er eitt elsta Sjálfsbjargarfélagið, stofnað á Hótel KEA miðvikudaginn 8. október 1958. Félagið hefur alla tíð verið öflugur málsvari fatlaðra og rekur endurhæfingarstöðina Bjarg. Um árabíl var félagið einnig í fararbroddi framleiðslu plastefnis fyrir raflagnir, framleiðslu fiskikassa og síðar plastpoka, og rak í því sambandi um tíma vinnustað fyrir fatlaða. Herdís Ingvadóttir hefur verið formaður félagsins frá árinu 2000.

„Stærsti hluti starfseminnar í dag er rekstur endurhæfingarstöðvarinnar Bjargs og hefur Sjálfsbjörg rekið stöðina frá árinu 1970. Í endurhæfingarstöðinni starfa nú fjórtán sjúkraþjálfarar og tveir iðjupjálfar. Byrjað var smátt í litlu húsnæði, en árið 1981 var flutt í rúmgóða nýbyggingu við Bugðusíðu 1, þar sem stöðin er enn þann dag í dag. Þó að Sjálfsbjörg reki endurhæfingarstöðina þá er hún fyrir alla og erum við eina endurhæfingastöðin hér norðanlands, sem er með séraðstöðu fyrir börn. Mikil aðsókn hefur verið í stöðina og reksturinn gengur vel. Stöðin er vel búin tækjum. Við fengum arf fyrir tveimur árum síðan og þá var keyptur standstóll, sem er sá fullkomnasti á landinu, í honum getur mikið hreyfihamlað fólk þjálfað sig.“ Herdís segir aðalfélagið vera um 100 talsins en félagsstarfið mætti vera meira. „Við erum að vísu með spilavist á veturna og jólaball, sem er mjög vel sótt og á haustin er árlegt haustferðalag sem er mjög vinsælt. Í ár var farið til Þeistareykja og í fyrra í Skagafjörð og Siglufjörð og er mikil ánægja með þessar ferðir, einnig er farin ein leikhúsferð á vetri en félagsmálin sér Ívar Herbertsson um en hann er varaformaður félagsins. Aðalfundur eru frekar illa sóttir, það er af sem áður var þegar baráttuhugurinn var sem mestur í félaginu og félagarnir byggðu heilt hús í sjálfböðavinnu. Með slíka hugsjón þarf ekki að undra að félagsstarfið hafi verið með miklum blóma áður fyrr. Þetta var dugnaðarfolk á góðum aldri sem stofnaði félagið og hélt miklu lífi í því lengi. Þetta hugafar er því miður ekki til staðar í dag.“ Fólk lagði mikið á sig við fjáraflanir og annað til að koma starfsemi Sjálfsbjargar af stað og þeim atvinnurekstri sem síðar varð raunin. Svo aðstoðaði félagið fatlað fólk í

réttindamálum, kynnti því rétt sinn og barðist fyrir úrbótum. Við þyrftum að fá inn fleira af ungu fólki, fólki sem hefur lent í slysum eða veikindum og hlotið örorku og á samleið með okkur. Ég veit að það er þeim mikils virði ekki síður en okkur. Meira er um að unga fólkið sækji í Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri þar sem er góð og virk starfsemi en við í Sjálfsbjörg þyrftum einnig að ná til þeirra.

Hvað varðar kjaramálin þá höfum við setið eftir og það verður að leiðrétta hlut fatlaðra. Þetta er sanngirnismál sem þarf að leysa. Svo eru það bílamálin sem varða okkur miklu, þá er ég að tala um bílakaupastyrkinn sem er krónutala sem mér hefur alltaf fundist að ætti að fella niður. Það á að fá ríkisvaldið til að afnema aðflutningsgjöldin og hætta með krónutöluna sem alltaf er að verða verðminni.“ Margt hefur áunnist í aðgengismálum en við eigum tvo fulltrúa í ferlinefn Akureyrarbæjar. Jón Heiðar sem er okkar fulltrúi og Berg Þorra sem er skipaður af Akureyrarbæ og hafa þeir staðið sig mjög vel.

Herdís er spurð hvort félagið hafi fundið fyrir því þegar þjónustan fór frá ríki yfir á sveitarfélögin. „Það urðu engar breytingar hjá okkur. Við höfum verið tilraunar sveitafélag á þessu sviði í nokkur ár og hefur gengið mjög vel. Akureyrarbær hefur staðið sig vel hvað þetta varðar.“

Herdís býr ekki á Akureyri heldur á Brúnagerði í Eyjafjarðarsveit sem er



„Ég er búin að vera formaður lengi og hef haft mikið til sama fólkið með mér í stjórn, gott fólk sem vinnur vel saman og hef ég alltaf átt gott samstarf við meðstjórnendur mína.“

innar í firðinum. „Það er samt ekki nema þriggja kílómetra leið að heiman frá mér til Akureyrar, sem þykir ekki mikil vegalengd í dag. En ég tilheyr þar af leiðandi Eyjafjarðarsveit. Ég er búin að vera formaður lengi og hef haft mikið til sama fólkið með mér í stjórn, gott fólk sem vinnur vel saman og hef ég alltaf átt gott samstarf við meðstjórnendur mína. Við erum með mjög góðan framkvæmdastjóra, Pétur Arnar Pétursson. Má þakka honum hversu vel hefur gengið að reka félagið og þá starfsemi sem er á vegum þess, auk þess sem undir hans stjórn var farið í að halda við og endurnýja húsnæði okkar sem er í góðu standi í dag.

Vert er að nefna að í starfsemi okkar er Styrktarsjóðurinn, en við veitum árlega úr honum 3. desember. Sjóðurinn var stofnaður á afmæli félagsins en því miður eru vextir lágir um þessar mundir og við snertum ekki höfuðstólinn. Og svo má nefna að í Hlíðafalli hefur verið mjög góð aðstaða fyrir fatlað skíðafólk sem við komum að. Þangað kemur fatlað fólk allstaðar af landinu til að fara á skíði og sækja námskeið, hefur þessi starfsemi fengið mjög jákvæðar viðtökur.“

Takk fyrir stuðninginn

REYKJAVÍK

Harald og Sigurður ehf, Stangarhyl 6
Hákon Bjarnason ehf, Frostafold 21
Hársnyrtistofa Dóra, Langholtsvegi 128
Hársnyrtistofan Linda, Síðumúla 34
Heilsubrunnurinn ehf, Kirkjuteigi 21
Helgason og Co ehf, Gylfaflöt 24-30
Herrafataverslun Birgis ehf, Fákafeni 11
HGK ehf, Laugavegi 13
Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66
Hlusta ehf, Laugavegi 163
Hnit hf, verkfræðistofa, Háaleitisbraut 58-60
Hópfærðabílar Allrahanda, Klettagörðum 4
Hótel Flóki, Flókgötu 1
Hótel Viðey ehf, Snorrabraut 29
Hugsjá ehf, Ármúla 36
Höfði eignarhaldsfélag ehf, Suðurlandsbraut 20
Ican ehf, Fornubúðum 5
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettsvegi 2
Innheimtustofa Reykjavíkur, Borgartúni 25
InnX innréttingar ehf, Fosshálsi 1
IStore.is - iPhone.is, Kringlunni 4-12
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf, Bíldshöfða 12
Ísmar - Radiómiðun hf, Síðumúla 28
Ísold ehf, Nethyl 3-3a
Ísól ehf, Ármúla 17
Ís-spor ehf, Síðumúla 17
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
Íþróttasamband fatlaðra, Engjavegi 6
J. S. Gunnarsson hf, Fossaleyni 10
JGG ehf, Langholtsvegi 49
Jón og Óskar, úra- og skartgripaverslun, Laugavegi 61
K. H. G. Þjónustan ehf, Eirhöfða 14
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
KOM almannatengsl, Höfðatorgi
Kone ehf, Síðumúla 17
Kraftur hf, Vagnhöfða 1
Kraum - íslensk hönnun verslun, Fógetahúsinu Aðalstræti 10
Lagnalagerinn ehf, Fosshálsi 27
Landfestar ehf, Álfheimum 74
Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16
Ljósín ehf, Trönuhólum 14
Lögmannsstofan Réttur, Klapparstíg 25-27
Löndun ehf, Kjarlavigi 21
Málarameistarinn ehf, Logafold 188
Multivac, Krókhálsi 5e
Next, Kringlunni 4-12
NM ehf, Brautarholti 10
Nobex ehf, Skútuvogi 1 b
Noon ehf, Hólmaseli 2
Nostra Ræstingar ehf, Sundaborg 7-9
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
ORB Miðlun ehf, Freyjugötu 34
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ólafur Þorsteinsson ehf, Vatnagörðum 4
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Páll V Einarsson s/f, Suðurlandsbraut 10
Plastpípur ehf, Hólmgarði 20



Ólafía Ósk Runólfsdóttir við réttarstörf í haust

Ólafía Ósk á innan við mínútu

Nýr formaður í Bolungarvík

Á aðalfundi í Sjálfsbjörg félagi fatlaðra í Bolungarvík 2. október sl. urðu formannsskipti. Anna Torfadóttir lét af störfum eftir tólf ára farsælt starf fyrir Sjálfsbjörg. Við tók Ólafía Ósk Runólfsdóttir. Er hún boðin velkomin og óskað velfarnaðar í störfum sínum í þágu Sjálfsbjargar. Anna er langt í frá horfin af vettvangi. Hún situr áfram í stjórn félagsins sem varaformaður, einnig situr hún í framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra auk annarra trúnaðarstarfa í þágu samtakanna. Við sendum nokkrar snöggar spurningar á Ólafíu.

Fyrstu sex? 280875.

Af hverju ertu í Sjálfsbjörg?

Ég fór fyrst í Sjálfsbjörg út af syni mínum, Hann er lesblindur og fór á lesblindunámskeið og Sjálfsbjörg í Bolungarvík styrkti það námskeið, þegar ég vissi um hvað Sjálfsbjörg snerist þá varð þetta eiginlega áhugamálið mitt.

Pönnukökur með sultu og rjóma eða sykri? Pönnukökur með sultu og rjóma.

Á Bolungarvík eða í Bolungarvík? Í Bolungarvík.

Sudoku

Tvær Sudoku talnaþrautir, önnur auðveld og hin erfið.

Til að þrautin sé rétt fyllt út þarf að birtast í hverjum 3x3 reit tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver 9 reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

			8	9		2		
1						9		
	7	9		2	4			
5		8		4				
6			2		1			3
				5		6		9
		1	5			7	6	
		7						2
4		6	1					

		9	5			2		
	4			1			6	
2					3			9
		8						2
	7						4	
3						5		
7			2					3
	6			4			7	
		1			9	6		



Friðrik Þ. Ólason, formaður hjólastólahandknattleiksráðs, handknattleiksdeildar HK

Hjólastólahandbolti

Þann 21. október 2010 gerðist sá merki atburður að hjólastólahandboltaráð HK var stofnað innan handknattleiksdeildar HK. Ekki er víst að allir geri sér grein fyrir mikilvægi þessa atburðar en til útskýringar má benda á að hingað til hafa fatlaðir starfað að mestu undir merkjum íþróttafélags fatlaðra eða þá fengið fyrir náð og miskunn aðstöðu fyrir áhugamál sín undir verndarvæng einhverra félaga. Stofnun sérstaks hjólastólahandknattleiksráðs gerir það að verkum að þeir sem í

hjólastól sitja en hafa jafnframt áhuga á iðka sína íþrótt hafa nú sömu stöðu innan HK og aðrir sem íþróttir stunda undir merkjum HK. Þetta er því stórt skref í samþættingu þeirri og valdeflingu sem lengi hefur verið unnin að í skólum landsins og því sannanlega kominn tími á slíkt í íþróttahreyfingunni.

Æfingar

Æfingar eru tvisvar í viku í íþróttahúsinu Kórnum, Kópavogi. Annars vegar á föstudögum frá 18-20 og síðan á laugardögum, frá 12.30 - 14/14.30. Virkir iðkendur eru í dag á bilinu tíu til fimmtán manns, þar af ein stúlka. HK er sem stendur eina íþróttafélag landsins sem býður uppá íþróttina, til gamans má geta þess að HK er eina félag landsins sem var stofnað sérstaklega í kringum handknattleikinn, eins og nafn þess ber merki um, Handknattleiksfélag Kópavogs.

Keppnisleikir í hjólastólahandknattleik eru jafn langir og í hefðbundnum leik og reglurnar að mestu leyti þær sömu og ef um hefðbundinn leik væri að ræða, en að vísu er ekki spilað með sérstakan línumann og af öryggisástæðum eru dómaramirnir utan vallar. Einnig er í boði að stilla upp blönduðu liði beggja kynja.

Þátttaka í mótum

Stefnt er að reglulegri þátttöku í mótum og ýmsum uppákomum til þess að styrkja stoðir deildarinnar. Stólarnir sem má nota í keppnisleikjum eru útskeifir stólar með öryggisgrind, sömu gerðar og þeir sem notaðir eru í hjólastólakörfubolta. Þeir eru ansi dýrir og er það verðugt verkefni að koma upp „lager“ með þeim. Sérstakar stangir eru einnig settar á mörkin til þess að minnka þau.

Að sjálfsögðu er svo unnið að frekari útbreiðslu íþróttarinnar hér.





Auðvitað er öllum áhugasömum velkomið að vera með og þess ber að geta að ekki er nauðsynlegt að vera fatlaður til þess að geta tekið þátt, aðgangur að hjólastól skiptir þar meira máli.

Nánari upplýsingar veitir Friðrik í s. 772 2098 eða í gegnum fridriko@hk.is. Einnig er hægt að hringja í s. 570 4996 þriðjudaga til fimmtudaga frá kl. 9-12.

HK kvæðja, Friðrik

Myndir: Eyjólfur Garðarsson.

Takk fyrir stuðninginn

REYKJAVÍK

Pottþétt ehf, Bárugötu 2
 Pure Spirits ehf, Krínglunni 7
 Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
 Rafna ehf, Suðurlandsbraut 16
 Rafsól ehf, Síðumúla 34
 Rafsvið sf, Haukshólum 9
 Raftíðni ehf, Grandagarði 16
 Reimaþjónustan ehf, Lynghálsi 11
 Rue de Net Reykjavík ehf, Vesturgötu 3a
 Samaría ehf, Austurstræti 4
 Samtök starfsmanna fjármálayfirtækja-SSF, Nethyl 2e
 SFR stéttarfélag í almannaðjónustu, Grettisgötu 89
 Silfurberg ehf, Suðurgötu 22
 SÍBS, Síðumúla 6
 Síma- og tölvulagnir hf, Kirkjustétt 34
 Sínus ehf, Grandagarði 1a
 Sjómannasamband Íslands, Sætúni 1
 Sjónmál ehf, Skólavörðustíg 25
 Skilvís ehf, Suðurlandsbraut 18
 Skólavefurinn.is, Laugavegur 163
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
 Smíðsverk ehf, Sóleyjaríma 59
 Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 Sportbarinn ehf, Álfheimum 74
 Sprettur - þróun og stjórnun ehf, Laugavegi 26
 Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
 SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Borgartúni 35
 Talnakönnun hf, Borgartúni 23
 Tandur hf, Hesthálsi 12
 Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8
 Tannlæknastofan Mörkin 6 sf, Mörkinni 6
 Teiknistofan Óðinstorgi verkfræðideild, Óðinsgötu 7
 Té sf pípuþjónustufélag, Reiðvaði 5
 Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
 Tækni hf, Súðarvog 9
 Tölvar ehf, Síðumúla 1
 Útfarastofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
 V.R., Krínglunni 7
 Varahlutaverslunin Kistufell ehf, Brautarholti 16
 Veidikortið ehf, Kleifarseli 5
 Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
 Verkfræðistofan Skipasýn sf, Grandagarði 14
 Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
 Verkfræðistofan Viðsjá, Skólavörðustíg 3
 Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
 Vesturröst sportveiðiverslun ehf, Laugavegi 178
 Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7
 Vilhjálmsson sf, Sundaborg 1
 Vinnuvernd ehf, Brautarholti 28
 VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
 Þaktak ehf, Tranavogi 5
 Þráinn skóari ehf, Grettisgötu 3

SELTJARNARNES

Nesskip hf, Austurströnd 1
 Prentsmiðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14
 Önn ehf, verkfræðistofa, Eiðstorgi 15

VOGAR

Selhöfði ehf, Jónsvör 7

KÓPAVOGUR

Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1
 Axis-húsgögn ehf, Smiðjuvegi 9
 Átak ehf bílaleiga, Smiðjuvegi 1
 Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf, Skemmuvegi 46
 Bílalakk ehf, Laufbrekku 26
 Bílalökkun Kópsson ehf, Skemmuvegi 4
 Bílamálinn Varmi ehf, Auðbrekku 14
 Bíljöfur ehf, gul gata, Smiðjuvegi 34
 Bílvogur ehf, Auðbrekku 17
 Borgargarðar ehf - skruðgarðarþjónusta, Vesturvör 24
 Debenhams á Íslandi ehf, Hagasmára 1
 Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands, Hlíðasmára 8
 Hamraborg ehf, Lundi 92
 Hilmar Bjarnason ehf, rafverktak, Smiðjuvegi 11
 Hlynur, grafísk hönnun, Hamraborg 10
 Ingi hópfærðir ehf, Laufbrekku 2
 Innviðir ehf, Smiðjuvegi 36
 Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
 Ísnes ehf, Hamraborg 5
 K.J. hönnun ehf, Bæjarlind 14-16
 Kópavogsbær
 Landvélar ehf, Smiðjuvegi 66
 Léttfeti ehf - Sendibill, Engihjalla 1
 Loft og raftæki ehf, Hjallabrekku 1
 Menn og mýs hf, hugbúnaðargerð, Hlíðasmára 15
 Núpallind ehf, Sunnubraut 47
 Nýþrif ehf, Laufbrekku 24
 Rafholt ehf, Smiðjavegi 8
 Rafmiðlun hf, Ögurharfi 8
 Rafport ehf, Nýbýlavegi 14
 Raftækjavinnustofa Einars Stefánssonar, Kársnesbraut 106
 Suðurverk hf, Hlíðarsmára 11
 Söluturninn Smári, Dalvegi 16c
 Tæknivörur ehf, Víkurharfi 4
 Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf, Smiðjuvegi 11
 Vaki fiskeldiskerfi hf, Akralind 4
 Vaxa ehf, Askalind 6
 Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
 Vídd ehf, flísaverslun, Bæjarlind 4

GARÐABÆR

Árvík hf, Garðatorgi 3
 Framtak - Blossi, Vesturhrauni 1
 Garðabær, Garðatorgi 7
 Geislataekni ehf - Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
 Hafnasandur sf, Birkiási 36
 Hannes Arnórsson ehf, Móafliöt 41
 Hjallastefnan ehf
 Kvótabankinn, Heiðarlundi 1
 Loftorka ehf, Miðhrauni 10
 Silfursmári ehf, Birkihæð 1
 Stálsmiðjan ehf, Vesturhrauni 1
 Teknis ehf, Miðhrauni 8
 Tæknistál ehf, Suðurhraun 2

HAFNARFJÖRÐUR

Aðalskoðun hf, Hjallahrauni 4
 Ás, fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17
 Bergplast ehf, plastiðnaður, Breiðhelli 2
 Blekhylli.is, Fjarðargötu 11


Sjálfbjörg þakkar stuðninginn



Mikael Jóhannesson Pípuhlagningamaður Sími 897 3234
Gilbert Moestrup Pípuhlagningamaður Sími 840 0242



MÁLNINGARMIÐSTÖÐIN
Pröstur Guðjónsson
Málrameistari
Sími: 694 1147 · 600 Akureyri



HS ORKA HF

Hvað er að gerast

Access Iceland aðgengis- merkjakerfið



Í ágúst síðastliðnum varð Access Iceland Aðgengismerkjakerfið (AIA) að sjálfstæðu fyrirtæki sem sérhæfir sig í úttekt, skráningu og upplýsingagjöf á aðgengi fyrir fatlað fólk. Það er von okkar að með því sjái fleiri sér leik á borði til að taka þátt og styðja við uppbygginguna.

Aðgengi ehf. mun áfram starfa af krafti við ráðgjöf og ýmis verkefni sem tengjast meira fyrirbyggjandi aðgerðum, lögum og reglugerðum. Aðgengi stefnir á að verða fyrsta löggilta skoðunarstofan á sviði aðgengismála samkvæmt nýju Mannvirkjalögum.

Upplýsingar um skráða staði í Access Iceland Aðgengismerkjakerfinu (AIA) má finna með því að slá inn netslóðina www.AccessIceland.is eða www.GottAdgengi.is.

Næstu skref hjá AIA eru þau að

við erum að vinna með Borgarmynd að hönnun aðgengiskorts sem sýnir staðsetningu skráðra staða á landinu og helstu lykilupplýsingar við fyrsta smell og svo geta notendurnir valið ýtarlegri upplýsingar úr gagnagrunninum sé þess óskað.

Hægt er að nálgast upplýsingar um merkin sem AIA notar, kröfur sem farið er eftir, hvernig úttekt fer fram og hvað þarf að gera til þess að fá úttekt, á heimasíðunni. Einnig er velkomið að hafa samband við Hörpu Cilia Ingólfssdóttur í síma 662 2674 og/eða koma á skrifstofuna að Borgartúni 3, 3. hæð.

Við tökum vel við ábendingum um staði til skráningar sem og ef eitthvað má betur fara við upplýsingagjöfina því við viljum að vefurinn nýtist sem best fyrir alla.



MINNINGARSJÓÐUR Jóhanns Péturs Sveinssonar frá Varmalæk í Skagafirði

F. 18. 9. 1959 :: D. 5. 9. 1994

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar úthlutaði fimm styrkjum þann 18. september síðastliðinn

Tilgangur sjóðsins er einkum tvíþættur;

a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms,

b) að styrkja einstök málefni með aðgengi fyrir hreyfihamlaða í huga.

Í ár var úthlutað fjórum styrkjum til náms, heildarstyrkur til náms var 338.000,- og einum styrk að upphæð kr. 150.000,- til úrbóta á aðgengi.

Sjóðurinn stefnir á að úthluta næst á 20 ára afmæli sjóðsins þann 18. september 2015.

Við óskum styrkþegum innilega til hamingju og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Stjórn minningarsjóðs Jóhanns Péturs Sveinssonar

Aðgengi að og upplifun hreyfihamlaðs fólks af foreldrahlutverkinu

Aðalbjörg Gunnarsdóttir sem hefur verið virk í starfi Sjálfsbjargar landsambands undanfarin ár lauk nýlega MA gráðu frá Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands MA ritgerð hennar heitir *Aðgengi að og upplifun hreyfihamlaðs fólks af foreldrahlutverkinu*. Í henni er gerð grein fyrir upplifun hreyfihamlaðra foreldra af foreldrahlutverkinu og aðgengi hreyfihamlaðs fólks að foreldrahlutverkinu í þeim tilfellum þar sem hreyfihamlaðar konur geta ekki gengið í gegnum meðgöngu og fæðingu vegna skerðingar sinnar. Sérstök áhersla er á aðgengi að foreldrahlutverkinu í gegnum ættleiðingakerfið og löggjöf sem snýr að ættleiðingu barna erlendis frá.

Um eigindlega rannsókn er að ræða sem byggir á greiningu opinberra gagna og opinna viðtala við ellefu hreyfihamlaða einstaklinga, átta foreldra og þrjá barnlausa einstaklinga. Þá var tekið viðtal við starfsmann sem vinnur í ættleiðingakerfinu.

Helstu niðurstöður sýna að aðgengi hreyfihamlaðs fólks sem ekki getur átt börn að foreldrahlutverkinu í gegnum ættleiðingar er takmarkað. Til að möguleiki þeirra verði meiri, það er að draumur þeirra um barn rætist og að þeir fái tækifæri til að upplifa foreldrahlutverkið, þarf að eiga sér stað viðhorfsbreyting í garð hreyfihamlaðs fólks varðandi foreldrahlutverkið. Einnig þyrfti að koma til breyting á löggjöf um ættleiðingar, bæði hérlendis og erlendis, því erlendu ríkin hafa hvert um sig sínar reglur.

Líf og aðstæður hreyfihamlaðra foreldra

Aðalbjörg hóf haustið 2005 BA nám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og útskrifaðist hún með BA gráðu í félagsráðgjöf vorið 2010. Í BA ritgerð sinni sem heitir *Hvað gerir gott foreldri* fjallaði hún um hreyfihamlaðar



„Ósk mín er sú að hagnýtt gildi rannsóknarinnar liggi í þeirri þekkingu sem fagfólk og stuðningsaðilar geta öðlast og muni nýtast þeim í starfi með hreyfihömluðum foreldrum sem og verðandi foreldrum. Þá vona ég að niðurstöður rannsóknarinnar geti nýst til kennslu innan fötlunarfræða, félagsráðgjafar og fleiri greina.“

konur og viðhorf þeirra til barneigna og gerði í því samhengi eigindlega rannsókn. Haustið 2010 byrjaði hún síðan í fötlunarfræði við Háskóla Íslands þar sem hún lauk MA náminu. „Ég var fljótt ákveðin meðan ég var í BA náminu að taka fyrir foreldrahlutverkið í MA ritgerðinni minni enda hafði ekki verið skrifuð nema ein ritgerð um sama efni og hún fjallaði eingöngu um fatlaða feður.

Mér fannst afar mikilvægt að skoða líf og aðstæður hreyfihamlaðra foreldra og hreyfihamlaðs fólks í

barneignarhugleiðingum. Að skoða aðgengi þeirra að foreldrahlutverkinu sem og hvernig foreldrahlutverkið gengur. Það er mikilvægt að koma upplifun og reynslu þessa hóps á framfæri í samfélaginu, þar sem þessi hópur hefur ekki verið sýnilegur hérlendis. Með þessari rannsókn eykst þekking og skilningur á aðgengi hreyfihamlaðra einstaklinga sem ekki geta átt börn að foreldrahlutverkinu og upplifun og reynsla hreyfihamlaðra foreldra af foreldrahlutverkinu. Fræðilegt gildi rannsóknarinnar felst í þeirri innsýn sem rannsóknin veitir í líf fólks sem lítið er vitað um hér á landi. Ósk mín er sú að hagnýtt gildi rannsóknarinnar liggi í þeirri þekkingu sem fagfólk og stuðningsaðilar geta öðlast og muni nýtast þeim í starfi með hreyfihömluðum foreldrum sem og verðandi foreldrum. Þá vona ég að niðurstöður rannsóknarinnar geti nýst til kennslu innan fötlunarfræða, félagsráðgjafar og fleiri greina. Það er von mín að öll skrif um fatlað fólk verði til þess að fordómar og fáfræði minnki og að rannsóknin verði hreyfihömluðu fólki til góðs, bæði þeirra sem eru í barneignarhugleiðingum sem og þeirra sem nú þegar eru foreldrar.“

Ekki erfitt að fá fólk í rannsóknina

„Ástæðan fyrir því að ég valdi þetta efni er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er ég sjálf hreyfihömluð frá fæðingu og efnið snertir mig persónulega þar sem ég er ung kona á barneignaraldri og á mér þann draum að verða móðir í framtíðinni. Í öðru lagi hef ég mikinn áhuga á málefnum hreyfihamlaðs fólks og réttindabaráttu þess. Þá hef ég mikinn áhuga á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og þeim mannréttindum sem fjallað er um þar og tryggja eiga fötlðu fólki, meðal annars réttinn til fjölskyldulífs. Í þriðja lagi skrifaði ég BA ritgerð mína í félagsráðgjöf um viðhorf hreyfihamlaðra kvenna til barneigna þar sem ég tók eigindleg viðtöl við hreyfihamlaðar konur sem ekki áttu börn. Sú vinna varð til þess að vekja áhuga minn á því að skoða aðgengi hreyfihamlaðs

fólks að foreldrahlutverkinu og upplifun þess af því.“ Aðalbjörg segir að auðvelt hafi verið að fá hreyfihamlað fólk í rannsóknina og þar hafi spilað stórt hlutverk að hún er hreyfihömluð sjálf. „Ég hafði tengsl við suma og svo fékk ég fólk sem ég þekki til að benda á aðra. Þetta auðvelldaði mér undirbúninginn. Þegar svo kom að rannsókninni þá var markmiðið að öðlast skilning á aðgengi hreyfihamlaðs fólks að foreldrahlutverkinu og upplifun þeirra sem foreldri. Sérstök áhersla var lögð á möguleika hreyfihamlaðs fólks sem ekki getur átt börn á að ættleiða; reynslu hreyfihamlaðra foreldra af meðgöngu og fæðingu og reynslu foreldranna af uppeldi og umönnun barna sinna.“

Víðtækur stuðningur

Hverjir eru svo möguleikarnir á að fatlaðir foreldrar sitji við sama borð og ófatlaðir varðandi barneignir? „Í 23. grein í samningi Sameinuðu þjóðanna er talað um rétt til barneigna þar sem m.a er sagt að fatlað fólk eigi sjálft að ákveða hvort það vill eignast börn og hversu mörg og eigi að fá stuðning þegar þörf er á stuðningi. Þegar ég fór að taka víðtölin þá kom mér á óvart hversu víðtækur stuðningurinn er hér á landi. Ég hafði verið að kynna mér erlendar rannsóknir þar sem ríkjandi skoaðnir eru í þá áttina að fatlaðar konur eru hvattar til að eignast ekki börn og ef þær verða óléttar þá að fara í fóstureyðingu, en sem betur fer upplifðu foreldrarnir sem ég ræddi við

ekki slíka fordóma þó vissulega hafi komið upp eitt slæmt dæmi hjá lækni sem taldi að fatlaðir yrðu ekki góðir foreldrar en í heildina kom það mér mjög á óvart hversu góður stuðningur var í kerfinu.

Síðan eru það foreldrar sem geta ekki átt börn og aðgengi þeirra að foreldrahlutverkinu. Það er ekki það sama og hjá ófötluðum sem eru í sömu sporum. Hreyfihamlað fólk mætir ýmsum hindrunum þegar kemur að foreldrahlutverkinu, bæði í þeim tilfellum þar sem meðganga er ekki möguleg þar sem hún gæti verið hættuleg bæði konu og/eða barni og eins ef um er að ræða að þar sem er líffræðilega ófært um að geta barn. Þá lítur þessi hópur fólks til ættleiðingarkerfisins sem virðist þó ekki vera opið öllum og ekki er jafnt aðgengi að ættleiðingarkerfinu þegar um er að ræða fatlaðan einstakling eða ófatlaðan einstakling, þar sem í reglugerðinni er fjallað um möguleika á synjun vegna fötlunar eða hreyfihömlunar. Erfitt er að ættleiða, sérstaklega núna þar sem það skortir fjármagn í ættleiðingarkerfið og hæfniskröfur eru miklar. Löggjöf héraendis getur verið hindrandi en einnig löggjöf ættleiðingarlandsins. Hugmyndin um hvað barni sé fyrir bestu hefur þar mikil áhrif, þegar ákveða á hvort umsækjendur séu hæfir. Hæft foreldri er líkamlega og andlega hraust samkvæmt ættleiðingarlöggjöfinni.

Kostnaðarhlíð ættleiðingarferlisins getur líka verið hindrandi fyrir hreyfihamlað fólk og ólíklegt er að það geti staðið fjárhagslega undir þeim kosnaði sem fylgir ferlinu. Síðan er það staðgöngumæðrun sem fatlaðar konur sem geta ekki átt börn ættu að líta til. Nú er starfandi nefnd sem er með þetta mál til skoðunar og það er mín von að við sem erum fötluð fáum að koma með okkar sjónarhorn fyrir nefndina. Þetta skiptir miklu máli þar sem þessi hópur gleymist í umræðunni. Mikið er rætt um konur sem eru leglausar eða hafa misst legið vegna veikinda en það er aldrei beint verið tala um hreyfihamlaðar konur í þessu tilfelli og mér finnst mikilvægt að benda á þetta atriði.“

Gefendur en ekki þiggjendur

Í meistararitgerð sinni leggur Aðalbjörg áherslu á að fatlaðir eru ekki þiggjendur heldur gefendur. „Í flestum rannsóknum sem ég hef kannað kemur fram að fatlaðir geti ekki verið foreldrar þar sem þeir væru alltaf að þiggja þjónustu og þiggja aðstoð og þar sem þeir þurfa svo mikla aðstoð sjálfir þá geti þeir ekki gefið barninu það sem það þarf á að halda. Þessum skoðunum vil ég breyta, við þurfum öll á okkar nánustu að halda og auðvitað þiggja margir fatlaðir stuðning frá kerfinu og ættingjum eins og aðrir, en það á ekki við um alla fatlaða foreldra, sumir geta séð um allt sjálfir og oft er aðstoðin aðeins tímabundin eins og fyrstu mánuðina eftir barnsburð sem voru sumum konum erfiðir, þær voru orkulausar og þurftu stuðning en það var yfirleitt aðeins í skamman tíma.

Það sem kom mér einnig á óvart í rannsókn minni var hversu vel foreldrarnir leysa úr öllu og finna lausnir. Foreldrar eru ótrúlega hugmyndaþjálfar þegar kemur að lausnum varðandi barnauppeldið og var gaman að sjá hversu lausnirnar voru vel útfærðar. Foreldrar höfðu þætt í þessu áður en barnið fæddist og voru tilbúin með lausnir og svo þegar rekist var á hindrun þá var farið yfir hvernig hægt væri að leysa það og er óhætt að segja að fatlaðir foreldra sem eiga börn eru mjög ábyrgir foreldrar sem þurfa oft að hugsa meira fram í tímann en aðrir foreldrar sem eru ófatlaðir. En það er ekki nóg að foreldrarnir komi með lausnir. Það skiptir foreldra mjög miklu máli að mæta jákvæðum viðbrögðum og fá þann stuðning sem þarf, t.d. þegar kemur að leikskólum þar sem aðgengishindranir fyrir fatlaða foreldra eru algengar, en í þeim tilfellum sem vandamálið kom upp hjá foreldrum í rannsókn minni þá var málið leyst á farsælan hátt. Það er svo mikið atriði að aðgengi sé í lagi hvort sem er á leikskólum, grunnskólum eða stofnunum svo fatlaðir foreldrar geti tekið þátt í líf barna sinna á sama hátt og aðrir foreldrar.“

Aðalbjörg er að lokum spurð hvað nú taki við. „Nú er ég komin í frí frá námi og er að vinna á leikskólanum Hvammi í Hafnarfirði og hef aukið aðeins við mig vinnuna. Svo ætla ég bara að sjá til hvað ég geri í framhaldinu, hvort ég fari í doktorsnám eða rói á önnur mið, á eftir að koma í ljós.“

-HK

Staðgöngumæðrun

Aðalbjörg Gunnarsdóttir, segir í viðtali í Klifur að staðgöngumæðrun sé úrræði sem fatlaðar konur sem geta ekki átt börn ættu að líta til. Starfandi er nefnd á vegum alþingis, sem er með þetta mál til skoðunar og er það von hennar að hreyfihamlað fólk fái að koma með sitt sjónarhorn fyrir nefndina.

Hátt í fjögur ár eru síðan þáverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, skipaði vinnuhóp “til að skoða siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi.” Í vinnuhópnum voru Guðríður Þorsteinsdóttir sviðsstjóri lagasviðs ráðuneytisins, Kristján Oddsson yfirlæknir og Ástríður Stefánsdóttir dósent við Háskóla Íslands.

Staðgöngumæðrun er hvergi heimil á norðurlöndum en löggjöf landanna er misskýr hvað þetta varðar. Í íslenskum og dönskum lögum er skýrt tekið fram að staðgöngumæðrun sé óheimil. Í löggjöf hinna Norðurlandanna eru hins vegar ekki jafn skýr ákvæði um bann við staðgöngumæðrun en önnur ákvæði leiða til þess að staðgöngumæðrun er óheimil.

Í framhaldi af skýrslu vinnuhópsins þar sem vonast var til að þær upplýsingar og sjónarmið sem fram koma í skýrslunni geti orðið grundvöllur upplýstrar umræðu um hvort leyfa beri staðgöngumæðrun hér á landi og þá með hvaða skilyrðum var lögð fram á a þingi í janúar á þessu ári þingsályktunartillaga af Ragnheiði Elínu Árnadóttur og 17 öðrum þingmönnum þar sem lagt var til að velferðarráðherra skipi starfshóp sem semji frumvarp sem leggi til að Alþingi heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskygni. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Í tillögunni eru ákveðin atriði sem vinnuhópurinn skal leggja áherslu á við vinnu sína og frumvarpsgerð. Þau lúta að siðferðilegum, læknisfræðilegum og lagalegum álitaefnum en eru þó ekki tæmandi talin enda ljóst að leita þarf til sérfræðinga við vinnuna og enn fremur skoða hvaða reglur gilda um staðgöngumæðrun erlendis.

Þörfin fyrir staðgöngumæðrun

Í þingsályktunartillögunni segir m.a. að þrátt fyrir gríðarlegar framfarir í læknavísindum með tæknisæðingum, glasafriðgunum og aðferðum til að vinna á frjósemisvandamálum hefur þörfin fyrir staðgöngumæðrun ekki horfið. Til er hópur kvenna/para sem ekki á neinn möguleika til að eignast eigið barn nema með aðstoð staðgöngumóður. Ástæður þess geta verið fjölmargar, svo sem meðfætt legleysi, krabbamein í legi og ófrjósemi í kjölfar krabbameinsmeðferðar, svo og skemmdir á legi eða legnámi. Þá getur einnig verið að líkami konu þoli

ekki meðgöngu og líf hennar yrði í hættu reyndi hún að ganga sjálf með barn.

Flestir þekkja þá gleði sem fylgir því að eignast barn og ljóst er að löngunin til þess að eignast barn er ein sú sterkasta sem maðurinn upplifir. Í litlu landi eins og Íslandi er hópur kvenna eða para sem þarf á aðstoð staðgöngumóður að halda ekki stór, en er þó til staðar. Í fyrrnefndri skýrslu vinnuhóps á vegum heilbrigðisráðuneytisins segir að líklega muni ekki fleiri en fimm þör eða einstaklingar hér á landi hafa þörf fyrir staðgöngumæðrun ár hvert.

Háværar raddir hafa verið í þjóðfélaginu gegn staðgöngumæðrun, en skoðanakönnun sem gerð var fyrr á árinu tekur af allan vafa um vilja þjóðarinnar. Í könnuninni voru um 87% fylgjandi því að staðgöngumæðrun verði gerð lögleg á Íslandi. Einungis 13% voru andvíg. Könnunin var gerð í gegnum síma og 890 manns svöruðu.

-HK

Hvað er staðgöngumæðrun?

„Staðgöngumæðrun í víðum skilningi er þegar kona (staðgöngumóðir) gengur með barn fyrir þar eða einstakling (verðandi foreldra eða foreldri) og hefur fallist á fyrir meðgönguna að afhenta þeim barnið eftir fæðingu“. Barnið getur verið líffræðilegt barn verðandi foreldra, en einnig getur verið stuðst við gjafasæði, gjafaegga eða bæði.



Engin lántökugjöld út 15. mars 2013

Kynntu þér græn lán á ergo.is

ergo

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400
www.ergo.is > ergo@ergo.is

Takk fyrir stuðninginn

HAFNARFJÖRÐUR

Blikksmiði ehf, sími 5654111
blikksmidi@simnet.is, Melabraut 28
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66
DS lausnir ehf, Rauðhelli 5
Eiríkur og Einar Valur hf, Norðurbakka 17b
Fínþússning ehf, Rauðhelli 13
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8
Garðasteinn ehf, Hvammbraut 10
Héðinn Schindler lyftur hf, Gjótuhrauni 4
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Hyggir ehf, Reykjavíkurvegi 66
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
Ísmenn lagnir ehf, Selhelli 5
J.B.G. fiskverkun ehf, Grandatröð 20
Lagnameistarinn ehf, Móabarði 36
Mjólka ehf, Eyrartröð 2a
Nes hf., skiptafélag, Fjarðargötu 13-15
Nonni Gull, Strandgötu 37
Opal Sjávarfang ehf, Grandatröð 8
Rafgeymasalan ehf, Dalshrauni 17
Símabúðin Firði, Fjarðargötu 13-15
Sjúkráþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Snittvélin ehf, Brekkutröð 3
Stál og suða ehf, Stapahrauni 8
Stoðtækni ehf, Lækjargötu 34a
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf,
Reykjavíkurvegi 60
TOBIS ehf, Lónsbraut 2
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Viking björgunarbúnaður ehf, Íshellu 7
Vörumerking ehf, Bæjarhrauni 24
Zinkstöðin Stekkur ehf, Berghelli 2

ÁLFTANES

Járnbrá ehf, Blikastíg 6

REYKJANESBÆR

ÁÁ verktakar ehf, sími 421 6530 og 898 2210,
Fitjabraut 4
Bílaþvottur ehf, Blikavelli 5
DMM Lausnir ehf, Hafnargötu 91
Fitjavík ehf, Fitjum
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Sunnubraut 36
Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar,
Hafnargötu 57
Grímsnes ehf, Steinási 18
Ice Group Ltd, lðavöllum 7a
Nesraf ehf, Grófin 18a
Plastgerð Suðurnesja ehf, Framnesvegi 21
Promoda hársnyrtistofa ehf, Njarðarvöllum 4
Raftré ehf, Pósthússtræti 3
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945
Sjúkráþjálfun Suðurnesja ehf, Hafnargötu 25
Skólar ehf, Klettatröð 8
Snyrtistofan Dana, Hafnargötu 41
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19

Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Vélasmiðja Ása og Óla ehf, Fitjabraut 26

GRINDAVÍK

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Guðmundur L Pálsson, tannlæknir, Víkurbraut 62
H.H. Smíði ehf, Árnastíg 2
Jens Valgeir ehf, lðavöllum 8
Verkalýðsfélag Grindavíkur, Víkurbraut 46
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

SANDGERÐI

Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24
Þensla ehf, Strandgötu 26

GARÐUR

GSE ehf, Kjóalandi 5

MOSFELLSBÆR

Aleflí ehf byggingaverktakar, Völuteigur 11
Dalsbú ehf, Helgadal
Freki ehf, Brekkutanga 27
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Gylfi Guðjónsson, ökukennari, sími 6960042,
Tröllateig 20
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
LEE rafverktakar ehf, Byggðarholti 1a
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10

AKRANES

Bífreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
Eyleifur ehf, Dalbraut 41
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 12
Grastec ehf, Einigrund 9
Runólfur Hallfredsson ehf, Álmskógum 1
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf, Kirkjubraut 28
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4

BORGARNES

Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hjarðarfelli 2
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf, Húsafelli
Hótel Borgarnes hf, Egilsgötu 14-16
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarbraut 20
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf, Húsafelli 3

STYKKISHÓLMUR

Rannsóknarnefnd sjóslýsa,
Tindur ehf, Hjallatanga 10

GRUNDARFJÖRÐUR

Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4
Hótel Framnes, Nesvegi 6

ÓLAFSVÍK

Steinunn ehf, Bankastræti 3

HELLISSANDUR

KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1
Sjávariðjan Rífi hf, Hafnargötu 8
Skarðsvík ehf, Munaðarhóli 10

BÚÐARDALUR

K.M. Þjónustan ehf, Vesturbraut 20
Kotur ehf vinnuvélar og verktakar, Vesturbraut 12

REYKHÓLAHREPPUR

Glæðir, blómaburður sími 866 9386, Hellisbraut 18
Þörungaverksmiðjan hf, Reykhólum

ÍSAFJÖRÐUR

Bílaverið ehf, Sindragötu 14
Hafnarbúðin, Hafnarhúsinu
Hótel Ísafjörður hf, Silfurtorgi 2
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1
Ískrókur ehf, Suðurgötu 9
Vélsmiðja Ísafjarðar ehf, Sundahöfn

BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf,
Árbæjarkanti 3
Glaður ehf, Traðarstíg 1
Magnús Már ehf, Hafnargötu 115A
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur

FLATEYRI

Sytra ehf, Ólafstúni 2

PATREKSFJÖRÐUR

Flakkarinn ehf, Brjánslæk
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, Stekkum 1

TÁLKNAFJÖRÐUR

Gistiheimilið Bjarmalandi ehf, Bugatúni 8
T.V. Verk ehf, Strandgötu 37
Þórberg hf, Strandgötu 25

BÍLDUDALUR

Hafkalk ehf, Dalbraut 56

ÞINGEYRI

Brautinn sf, Valargötu 8

HÓLMAVÍK

Strandagaldur ses, Höfðagötu 8

ÁRNESHREPPUR

Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

HVAMMSTANGI

Skjanni ehf, Hafnarbraut 3
Veidifélag Arnarvatnsheiðar og Tvídægru, Staðarbakka 1



Í tilefni afmælisins var sett upp sýning á leikmunum og sviðsmyndum úr leikritum sem sýnd hafa verið á vegum Halaleikhópsins.



Gestir á afmælishátíð Halaleikhópsins voru margir og nutu góðra veitinga auk sem margt var í boði til skemmtunar.



Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, heilsaði öllum gestum með handabandi.



Félagar í Halaleikhópnum þau Stefánía Björk Björnsdóttir, Gunnar Freyr Árnason og Daníel Þórhallsson.

Halaleikhópurinn 20 ára

Mikið var um dýrðir þegar Halaleikhópurinn fagnaði 20 ára afmæli sínu í sal Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu í lok september.

Meðal gesta var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem lét sig ekki muna um að heilsa upp á alla viðkomandi með handabandi. Í tilefni afmælisins var sett upp sýning á leikmunum og sviðsmyndum sem hafa verið notuð í leikverkum sem Halaleikhópurinn hefur sett á svið, en minnst eitt leikverk er sett á svið á hverju ári. Félagar í leikhópnum klæddust síðan búningum úr hinum ýmsu leikritum og settu skemmtilegan svip á samkomuna sem fór einstaklega vel fram.

„Halaleikhópurinn var stofnaður 27. september 1992 með það að markmiði að „iðka leiklist fyrir alla“ og hefur starfað óslitið síðan. Sjö leikrit hafa verið frumsamin fyrir leikhópin og hefur Halaleikhópurinn svo sannarlega lyft grettistaki í að eyða fordómum og styrkja einstaklinga til að taka skref, sem annars hefðu verið ófarin.

Halaleikhópurinn sem hefur það að markmiði sínu að iðka leiklist fyrir alla er öllum opin. Engin inntökuþróf eru í Halaleikhópin og er reynt að finna öllum eitthvað verðugt hlutverk. Allir eru velkomnir í leikhópin og er fötlun hvorki hindrun né skilyrði heldur tækifæri. Halaleikhópurinn er blandaður leikhópur þar sem hver og einn kemur inn á sínum eigin forsendum.

Að sögn þröst Jónssonar, formanns Halaleikhópsins var mikil gleði og fögnuður á afmælishátíðinni og mikill hugur sé í félögum hvað varðar vetrastarfið. Nú er búið að ráða Herdísí Þorgeirsdóttur leikstjóra til að leikstýra Rympa á ruslahaugnum eftir Herdísí Egilsdóttur, sem Halaleikhópurinn hyggst frumsýna í vetur.

Takk fyrir stuðninginn

BLÖNDUÓS

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda,
Húnaþing 13
Léttitækni ehf, Efstubraut 2
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga, Þverholti 1
Sveitabakarí sf, Auðkúlu 1

SKAGASTRÖND

Skagabyggð, Höfnun
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3
Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf, Mánabraut 2

SAUÐÁRKRÓKUR

Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Fisk - Seafood hf, Háeyri 1
Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Sæmundargötu 7
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
Sveitarfélagið Skagafjörður - Ráðhúsinu, Faxatorgi 1
Videospott ehf, Fellstúni 2
Vörumiðlun ehf, Eyrarvegur 21

VARMAHLÍÐ

Akrahreppur Skagafirði,
Hestasport - Ævintýraferðir ehf.

AKUREYRI

Baugsbót sf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Eining-löja, Skipagötu 14
Eldvarnamiðstöð Norðurlands ehf, Njarðarnesi 1
Endurhæfingarstöðin Sjálfsbjörg Akureyri, Bugðusiðu 1
Ferro Zink hf, Árstíg 6
Félagsbúíð Hallgilsstöðum, Hallgilsstöðum
Friðrik Páll Jónsson, háls-, nef- og eyrnalæknir,
Tryggvabraut 22
Haukur og Bessi tannlæknar,
Hnyfíll ehf, Óseyri 22
Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 2
Ísgát ehf, Furulundi 13f
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Ólöf Steinunn Þórsdóttir, Bakka
Rafeyri ehf, Norðurtanga 5
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Samherji hf, Glerárgötu 30
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Steypastöð Akureyrar ehf, Sjafnarnesi 2-4
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegur

GRÍMSEY

Sæbjörg ehf, Öldutúni 3

DALVÍK

Tréverk ehf, Dalvík, Grundargötu 8-10

ÓLAFSFIÖRÐUR

Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9

HRÍSEY

Einangrunarstöðin Hrísey Hvatastöðum, Austurvegi 8

LAUGAR

Norðrúppóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

HÚSAVÍK

Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66
Bókaværslun Þórarins Stefánssonar, Garðarsbraut 9
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf, Smiðjuteigi 7
Framhaldsskólinn á Húsavík, Stóragarði 10
Framsýn, stéttarfélag, Garðarsbraut 26
Gistiheimilið Kiðagil Bárðardal, Svartárkoti,
Hóll ehf, Höfða 11
Skóbúð Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 13
Sorpsamlag Þingeyinga ehf, Víðimóum 3
Tjörneshreppur, Ytri-Tungu
Vermir sf, Höfða 24a
Vikurraf ehf, Garðarsbraut 18a
Víkursmiði ehf, Laugarholti 7d

MÝVATN

Eldá ehf, Helluhrauni 15
Hlíð ferðaþjónusta ehf, Reykjavíki
Jarðböðin við Mývatn, Jarðbaðshólum

KÓPASKER

Rífós hf, laxeldistöð, Lónin Kelduhverfi

VOPNAFIÖRÐUR

Jónsver ses, Hamrahlíð 15
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

EGILSSTAÐIR

Fjalladýrð ehf, Möðrudal
Miðás hf (Brúnás innréttingar), Miðási 9
PV-pípulagnir ehf, Lagarbraut 4
Skógar ehf, Dynskógum 4
Skrifstofubjón Austurlands ehf, Fagradalsbraut 11

SEYÐISFIÖRÐUR

Brimberg ehf, Hafnargötu 47

BORGARFIÖRÐUR EYSTRÍ

Álfacafé, Vörðubrun

REYÐARFIÖRÐUR

Launaf ehf, Hrauni 3

ESKIFIÖRÐUR

Eskja hf, Strandgötu 39
Fjarðarþrif ehf, Kirkjustíg 2
Ökuskóli Austfjarða ehf, Bleiksárhlið 55

NESKAUPSSTAÐUR

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6

FÁSKRÚÐSFIÖRÐUR

Fáskrúðsfjarðarkirkja, Skólavegi 69
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

BREIÐDALSVÍK

Dýralæknir Austurlandsumdæmis syðra, Ásvegi 31

DJÚPIVOGUR

Við Voginn ehf, Vogalandi 2

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Bókhaldsstofan ehf, Krossseyjarvegi 17
Funi ehf sorphreinsun, Ártúni
Jökulsárlón ehf,
Nóna ehf, Krosssey
Sigurður Ólafsson ehf, Hlíðartúni 21
Prastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

SELFOSS

Ferðaþjónustan Gullfossi ehf, Brattholti
Flóahreppur, Þingborg
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Hitaveitan Árnesi, Árnesi félagsheimili
Hótel Selfoss, Eyravegi 2
Hrói Höttur, Austurvegi 22
Hveratún ehf, Hveratúni
Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Nesey ehf, Suðurbraut 7 Gnúperjahreppi
Pípulagnir Helga ehf, Gagnheiði 11
Renniverkstæði Björns Jensen ehf, Austurmýri 4
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35
S. G. Hús hf, Austurvegi 69
Skeiðahreppur og Gnúperjahreppur, Árnesi
Sólheimar í Grímsnesi,
Veitingastaðurinn Menam, Eyrarvegi 8

HVERAGERÐI

Kjörís ehf, Austurmörk 15
Raftaug ehf, Borgarheiði 11h

ÞORLÁKSHÖFN

A.K. flutningar ehf, Setbergi 16
Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21
Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6
Gróðrarstöðin Kjarr, Kjarr
Ice Trucks ehf, Heinabergi 14
Járnkarlinn ehf, Unubakka 12

STOKKSEYRI

Veitingastaðurinn Fjöruborðið, Eyrarbraut 3a

LAUGARVATN

Ásvélar ehf, Hrísholti 11

FLÚÐIR

Flúðafiskur, Borgarás

HELLA

Gistihús Árhúsa, Rangárbökkum 6
Trésmiðjan Ingólfs ehf, Freyvangi 16
Ásahreppur, Laugalandi, 851 Hellsu

HVOLSVÖLLUR

Anna og Árni á Akri, Akri
Búaðföng, Bakkakoti 1
Hansastál ehf, Kirkjulækjarkoti 3a
Hellishólar ehf, Hellishólum
Jón Guðmundsson, Berjanesi V-Landeyjum

VÍK

Mýrdælingur ehf, Víkurbraut 21
RafSuð ehf, Suðurvíkurvegi 6

Aðgengi að upplýsingum

Yfirskrift 36. landssambandsþings Sjálfsbjargar sem haldið var í Sjálfsbjargarhúsinu, Hátúni 12, dagana 8.-9. júní 2012 var „Aðgengi að upplýsingum“. Kosið var í stjórnir og nefndir á vegum Sjálfsbjargar lsf. og gerðar ályktanir um brýnustu baráttumálin. Setningarathöfn var í matsal hússins föstudaginn 8. júní. Þorkell Sigurlaugsson formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins stjórnaði þingsetningu. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra flutti ávarp. Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar flutti erindið Aðgengi að upplýsingum og Grétar Pétur Geirsson formaður Sjálfsbjargar landssamband fatlaðra setti þingið.

Hópur 3 ályktaði um Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í lok ályktunar um Þekkingarmiðstöðina segir: „Megi starfsmönnum Þekkingarmiðstöðvarinnar í samráði við stjórn Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra, stjórn Sjálfsbjargarheimilisins og velferðarráðuneyti takast að festa Þekkingarmiðstöðina í sessi í þágu fatlaðs fólks og þar með til gagns fyrir samfélagið allt.“ og um samning Sameinuðu þjóðanna segir í lokin:

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Í upphafi þings laugardaginn 9. júní 2012 var fjallað um Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar og voru þingfulltrúar almennt sammála um að Þekkingarmiðstöðin væri ótrúlegt afrek og að halda þyrfti sögu hennar til haga og dreifa þurfi upplýsingum um heimasíðu, símanúmer og fleira svo að hvert félag geti auglýst miðstöðina heima fyrir.

Miklar væntingar eru gerðar til Þekkingarmiðstöðvarinnar en fram kom að til að hún gæti náð árangri þurfa félögin að vera virk og miðla þekkingu sinni til miðstöðvarinnar. Það mun taka vikur eða mánuði að ná fullri virkni og allir þurfa að sýna því skilning. Mikilvægt er að allir hafi aðgang að sömu upplýsingum. Fram kom að Þekkingarmiðstöðin sé gott tækifæri til kynningar á Sjálfsbjörg og hægt væri að nota hana til að ná augum og eyrum þeirra sem stjórna.

Kjör fatlaðs fólks

Eftir matarhlé var komið að hópstarfi um málefni þingsins. Hópur 1 ályktaði um kjör fatlaðs fólks og segir í upphafi ályktunarinnar: „36. þing Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra krefst þess að stjórnvöld dragi nú þegar til baka þá skerðingu kjara sem fatlað fólk hefur þurft að taka á sig á síðustu árum. Einnig viljum við að komið verði á réttindakerfi í stað ölmusu, að aldurstengd örorkuuppbót verði virkjuð á nýjan leik og jafnframt verði hún greidd eftir 67 ára aldur og að kostnaður vegna fötlunar og sjúkdóma verði aðskilinn frá greiðslum almannatrygginga.“



Háborðið. Þorkell Sigurlaugsson formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins stjórnaði þingsetningu, Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra flutti ávarp, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar flutti erindið og Grétar Pétur Geirsson formaður Sjálfsbjargar landssamband fatlaðra setti þingið.

Málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Hópur 2 ályktaði um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga og ályktaði um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þar kom meðal annars fram að til að flutningurinn gæti gengið eftir þyrfti í fyrsta lagi að liggja fyrir stefnumótun ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum sem þarf að vera tímasett og kostnaðargreind. Í öðru lagi þurfa sveitarfélögin að hafa burði til að sinna verkefninu og í þriðja lagi þurfa að vera til fjármunir og fagleg þekking í samræmi við þær þarfir sem eru til staðar á hverjum tíma. Í ályktun um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir m.a. „36. þing Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra krefst þess að ríkisstjórnin fullgildi Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nú þegar og býður fram samstarf til að svo megi verða með tilkomu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar. Samningurinn var staðfestur 30. mars 2007 en hefur ekki enn verið lögfestur frá Alþingi.“

„36. þing Sjálfsbjargar lsf vekur athygli ríkisstjórnarinnar á skýru orðalagi í texta samningsins. Til að Ísland geti fullgilt samninginn þarf ríkisstjórnin að: Skuldbinda sig til að láta fötluðu fólk í té aðgengilegar upplýsingar.“

Aðgengi fyrir alla

Hópur 4 ályktaði um aðgengi fyrir alla og benti á eftirfarandi í Samningi Sameinuðu þjóðanna: „Algild hönnun merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Samning þennan staðfestu íslensk stjórnvöld með undirritun 30. mars 2007. Á árinu 2010 voru sett ný lög hér á landi um mannvirki, nr. 160/2010. Í þeim segir með skýrum hætti að eitt af markmiðum laganna sé að tryggja aðgengi fyrir alla. Það eru sem sagt engar málamiðlanir í gangi hér eins og fatlað fólk hefur svo oft þurft að búa við.“

Eftir að þingfulltrúar höfðu látið ljós

sitt skína í flokknum Önnur mál, þar sem umræður fóru fjórlega fram í í bundnu og óbundnu máli, var komið að kosningum í framkvæmdastjórn og voru eftirtaldir kosnir til næstu tveggja ára. Grétar Pétur Geirsson, formaður, Andri Valgeirsson, varaformaður, Jón Heiðar Jónsson, ritari, Þorbera Fjölisdóttir, gjaldkeri, Anna Torfa-

dóttir, meðstjórnandi, Bergur Þorri Benjamínsson, 1. varamaður, Jón Eiríksson, 2. varamaður, Leifur Leifsson, 3. varamaður.

Í lokaorðum við þingslitin sagði Grétar Pétur: m.a. þingið hafa verið ánægjulegt og jafnframt sérstakt vegna opunar Þekkingarmiðstöðvarinnar og að spennandi tímar væru fram undan.

Eftir setningu landsþings var komið að því að opna Þekkingarmiðstöðina



Grétar Pétur Geirsson formaður Sjálfsbjargar Ísf. setti þingið.

*Grétar Pétur Geirsson, formaður
Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra*

Þekkingarmiðstöðin og baráttumálin ofarlega á baugi



hafði einnig mjög góð áhrif að verið var að opna Þekkingarmiðstöðina á sama tíma og þingið var, sem er eitt stærsta framtak Sjálfsbjargar frá upphafi, opnunin hafði góð áhrif og gerði helgina enn stærri en ella,“ segir Grétar Pétur Geirsson, formaður Sjálfsbjargar Ísf. og tekur fram að þær breytingar sem hafi orðið á rekstrinum hafi tekið mikinn tíma frá honum og sambandsstjórninni.

Innra starf

„Satt best að segja fór mikill tími hjá mér í innra starf sambandsins á síðasta kjörtímabili, eftir að farið var að sameina starfsemi sambandsins og Sjálfsbjargarheimilins, sem hefur tekist mjög vel og allir, held ég, sáttir við þær breytingar. Vegna þessa var minni tími til að vinna að öðrum málefnum, sem ég hefði þó viljað sinna af meiri festu, eins og að heimsækja félög úti á landi, en það var eitt af mínum helstu málum að rífa upp félögin úti á landi og endurvekjja þau félög sem legið hafa í lægð. Okkur tókst að endurvekjja tvö félög á Sauðárkróki og Ísafirði, en betur má ef duga skal og ég hefði ætlað mér meira í þessum málum og ferðir mínar út á land hafa ekki orðið jafn margar og ég hefði vonast eftir og ætla ég að reyna að bæta úr því á þessu kjörtímabili.“

Kjaramál og ferðabjónusta

Grétar Pétur tekur fram að eins og oft áður hafi kjaramálin verið ofarlega á baugi á þinginu. „Kjaramálin voru þingfulltrúum ofarlega í huga, bætur

hafa ekki hækkað síðan 2008, en miðað við launaskrið og verðbólgu þá ættu bætur að vera 25% hærrí en þær eru í dag. Annað mál sem er okkur mikið réttlætismál er ferðabjónustan. Nú á að að fara að bjóða hana út, við á skrifstofunni höfum lagt okkur fram um að vinna að þessu máli, skrifað greinar og sent bréf, en því miður höfum við ekki náð tilætluðum árangri. Að mínu viti er verið að fara afturábak í bókun frá mannréttindaráði þar sem segir að sérúrræði þurfi fyrir fatlaða. Þetta er algjörlega á skjön við samning Sameinuðu þjóðanna sem stendur til að samþykkja hér á landi. Þar er hvergi minnst á að það þurfi sérúrræði fyrir fatlaða.“

Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga

Grétar Pétur nefnir mál sem kom upp á þinginu og á örugglega eftir að hafa áhrif á starf landssambandsins í nánustu framtíð, en það er flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. „Þetta er mál sem Sjálfsbjörg setti nokkra fyrirvara við varðandi flutninginn, þar sem við töldum málið ekki nógu vel undirbúið. Enda er komið í ljós að það vantar meira fjármagn til málaflokksins.

Mörg sveitarfélög standa ekki nógu vel og ráða illa við verkefnið. Það sem við erum hrædd við er að fatlað fólk fari að sogast á höfuðborgarsvæðið þar sem bjónustan er mest, sem er slæmt þar sem það á ekki að skipta máli hvar er búíð, bjónustan á að vera sú sama alls staðar.“



36. þing Sjálfsbjargar

„Ég er búinn að sitja nokkur landsþing og mér er óhætt að segja að á þinginu í sumar hafi ríkt mjög góður samstarfsandi. Um leið létu þingfulltrúar í sér heyrna, létu í ljós skoðanir sínar og umræður voru uppbyggjandi og um leið fjörugar. Í heildina lukkaðist landsþingið mjög vel og í lok þingsins voru allir í sama girnum, að vinna að framgangi baráttumála okkar og að efla landsambandið sem mest. Það



*Helgi Sveinsson keppti í 100 m hlaupi,
langstökki og spjótkaсти á
Ólympíumóti fatlaðra í London*

Keppti í fyrsta sinn í spjótkaсти á Evrópumeistaramóti og varð í öðru sæti

Fánaberi Íslands á Ólympíumóti fatlaðra sem fram fór í London í byrjun september var frjálsíþróttakappinn Helgi Sveinsson, sem keppti í þremur greinum, 100 m hlaupi, langstökki og spjótkaсти. Helgi sem er 33 ára gamall, einstæður faðir tveggja barna, var eins og aðrir keppendur Íslands að taka þátt í Ólympíumótinu í fyrsta sinn. Til þess að komast á Ólympíumótið þarf að ná lágmarksárangri sem aðeins þeir bestu ná. Og að Helgi skyldi ná lágmarkinu í þremur greinum er athyglisvert þar sem hann byrjaði að æfa frjálsar íþróttir fyrir aðeins einu og hálfu ári síðan, þá 32 ára gamall. Íþróttir og keppni eru í blóðinu á Helga og man hann ekki eftir sér öðru vísi en að æfa og keppa þar til líf hans tók krappa og örlogaríka beygju.

„Þegar ég var átján ára var ég á kafi í íþróttum, handbolta, fótbolta, körfubolta og í raun öllum íþróttir sem ég hafði áhuga á, sem voru margar. Ég hef mikið keppnissskap og var því mikið að taka þátt í keppnum. Þegar ég svo sá sá fram á að íþróttiferill minn gæti blómstrað, þá urðu straumhvörf í lífi mínu, ég veiktist alvarlega, fékk beinkrabba og varð að taka af mér annan fótinn. Eins og nærri má geta þá sló þetta mig út af laginu hvað varðar íþróttirnar, en ekki lengi, ég fór yfir í golfið og þar fann ég mér íþrótt þar sem keppnissskapið kom að góðum notum, fór í 9 í forgjöf og keppti meðal annars á Evrópumeistaramóti fatlaðra í golfi í Danmörku og varð í þriðja sæti. Golfkylfurnar hafa nú verið settar upp í hillu, en ég er viss um að ég á eftir að taka þær aftur niður og þá að sjálfsögðu að keppa aftur í þeirri íþrótt. Ég er þannig gerður að þegar ég er kominn á kaf í einhverja íþrótt þá er allt keppni hjá mér og að tapa fer ekki vel í skapið á mér.“

Vinnan hjá Össurri gerði gæfumuninn

Helgi var í pásu frá öðrum íþróttum í ein þrettán ár. „Löngun til að fara að hlaupa bjó alltaf í mér og þegar ég fór að vinna hjá stoðfyrirtækinu Össur fyrir þremur árum þá fór ég að umgangast þá íþróttamenn sem eru á vegum fyrirtækisins, fara um



Keppendur Íslands á Ólympíumóti fatlaðra í London, Jón Margeir Sverrisson Matthildur Ylfa Þorsteindóttir, Kolbrún Alda Stefánsdóttir og Helgi Sveinsson.

allan heim að hitta þá og taka þátt í prófunum. Um leið og ég kynntast því kraftmikla fólki sem vinnur hjá Össur þá sá ég ekkert til fyrirstöðu að fara að taka þátt í frjálsum íþróttum og standa jafnfætis þeim íþróttamenn sem ég hafði kynnst.

Það var svo fyrir einu og hálfu ári að ég fór að prófa mig áfram og þá að hlaupa. Ég hafði þurft að ganga í gegnum ýmsa erfiðleika sem geta verið samfara því að fá gervifót og satt best að segja var mikið basl að komast af stað, ég fékk bólgu og sýkingu sem gerði það að verkum að ég var lengi á sýklalyfjum. En ég komst yfir þessi vandamál og gat farið að einbeita mér að æfingum, en var samt ekki orðinn algóður fyrr en nýlega og nú verður bara gaman að æfa og keppa í framtíðinni.

Þegar ég var viss um að ég vildi byrja að æfa frjálssar og keppa fór ég og talaði við starfsfólk hjá Íþróttasambandi Fatlaðra, sem bentu á ákveðinn mann sem ég ræddi við, en ekkert varð úr því samstarfi til langframa og því var lítið um að vera hjá mér þar til haldinn var íþróttadagur Össurar í frjálssíþróttasal í Laugardalnum. Þar hitti ég Kára Jónsson, þjálfara, sem er þjálfari minn í dag. Hann hálfpartinn stökk á mig, sá að greinilega var hægt að gera eitthvað með mig og höfum við unnið saman síðan, svo segja má að tilviljun hafi ráðið því að ég hélt áfram í frjálsum íþróttum. Ég fór nánast strax að taka þátt í mótum og var fyrsta mót mitt á Selfossi, en fyrsta stórmótið sem

ég tók þátt í var Evrópumeistarmót og náði ég að vera í öðru sæti í spjótastinu og var það í fyrsta sinn sem ég keppti í spjótkesti. Ég var í fyrsta sæti fyrir síðasta kast en þá kastaði minn helsti keppinautur í þessari grein lengra en og ég var ég ekki sáttur og verð ekki í rónni fyrr en ég er búinn að vinna hann.“

Ætlaði upphaflega aðeins að hlaupa

Upprunalega ætlaði Helgi aðeins að hlaupa spretthlaup en fór fljótt einnig í aðrar greinar. „Mér fannst ekki nóg að hlaupa eingöngu svo ég fór yfir í langstökkið og náði þar fljótlega góðum árangri. Það að ég skyldi fara að æfa spjótkest var algjör tilviljun. Ég var að hita upp fyrir 100 metra hlaup, spjót lá á vellinum og án þess að hugsa neitt um það sérstaklega þá tók ég það upp og kastaði því eitthvað út í loftið og kastið tókst vel og ég kastaði meira og náði strax á fyrstu æfingu að ná lágmarki fyrir Ólympíumót fatlaðra þannig að þarna var komin frjálssíþróttagrein sem greinilega hentaði mér vel. Sjálfsagt hefur haft eitthvað að segja að ég hafði verið í handbolta í mörg ár áður en ég veiktist og þaðan kemur sjálfsagt grunnurinn að kastgetunni, alltaf að kasta bolta. Þannig að nú er ég kominn með þrjár greinar og aldrei að vita nema ég bæti við einhverri grein sem ég á eftir að prufa.

Hvað varðar greinarnar sem ég keppi í núna, þá er það einna helst

að ég sjái mig ekki keppa mikið lengur í 100 metrunum, er kominn á þann aldur að spretthlaup henta kannski ekki nógu vel og á Ólympíumóti fatlaðra voru þetta allt ungir strákar sem voru bestir í 100 metrunum, en ég æfi 100 metrana til að geta haldið uppi hraða í atrennu í langstökkinu og er aldrei að vita nema ég bæti mig einnig í hlaupinu og haldi áfram ef árangurinn segir svo. En eins og staðan er núna þá er spjótkestið og langstökkið aðalgreinarnar hjá mér.“

Fánaberinn labbaði of hratt

Eins og komið hefur fram þá á Helgi mjög stuttan feril að baki í frjálsum íþróttum og hann segist margt eiga eftir ólært. „Segja má að ég sé enn að koma mér betur inn í tæknihlíðina hvað varðar greinarnar sem ég æfi og með betri tækniúrvinnslu á ég að geta bætt mig. Þegar ég hljóp mitt fyrsta 100 metra hlaup þá var tíminn um sextán sekúndur, en nú er ég kominn niður í 14 sekúndur og fyrsta langstökkið mitt var rúmir fjórir metra en nú er ég að stefna á sex metrana. Spjótkestið hefur verið sterkt hjá mér frá byrjun, en ég stefni einnig á að bæta mig í þeirri grein.“

Það kom fram í fréttum eftir langstökkkeppnina á Ólympíumótinu að Helgi var vægast sagt mjög óhress með árangur sinn. „Ég vill eiginlega sem minnst um það tala, en þetta var fyrsta keppnisgreinin

mín og ég var að stökkva í upphitun um 5.80 metra án þess að setja fullan kraft í stökkið. Svo þegar keppnin byrjar og ég er annar í stökkröðinni þá er ég úti á velli að hugsa um hvernig ég ætla að haga stökkinnu þegar sá sem var fyrstur í stökkröðinni er búinn og tíminn hjá mér byrjaður, en þú færð vissa tímalengd til undirbúnings áður en þú stekkur, og satt best að segja var ég ekki tilbúinn, var stressaður og geri allt kolvitlaust og er tæpum einum og hálfum metra frá plankanum þegar ég kem að honum þannig að stökkið varð ekki nema 4.25. Ég fraus og náði ekki að laga þessa slæmu byrjun. Þetta voru gríðarleg vonbrigði, en ég veit hver ástæðan er og þetta gerist ekki aftur því get ég lofað.

Að öðru leyti var ógleymanlegt að taka þátt í Ólympíumótinu og ég er ennþá að melta þá reynslu. Ég var búinn að fylgjast með ólympíukeppni frá því ég var smástrákur og alltaf átt mér þann draum að komast í slíka keppni. Ég var fánaberi við setningarathöfnina sem gerði þátttöku mína enn eftirminnilegri og gaman að segja frá því nú að spennan var svo mikil að þegar ég gekk af stað með fánann þá gekk ég allt of hratt, var að hugsa um að halda fánanum rétt og hann sæist almennilega þannig að ég nánast gleymdi mér og stelpan sem labbaði með okkur var alltaf að segja mér að hægja á mér sem ég gerði ekki fyrr en ég var kominn langt á undan hópnum mínum.“

Loks kominn með þá útrás sem ég þarf á að halda

Helgi er nýbyrjaður að æfa aftur eftir að hafa tekið sé mánaðarpásu eftir Ólympíumótið. „Ég æfi núna þrisvar í viku og nú er eingöngu æft innanhúss en æfingarnar eiga eftir að aukast eftir því sem líður á veturinn og verða sex sinnum í viku þegar keppnistímabilið hefst. Á næsta ári er Heimsmeistarmótið

sem ég ætla mér að taka þátt í og þar á eftir eða árið 2014 er Evrópumeistarmót og svo eru það Ólympíuleikarnir aftur og það er enginn spurning, ég ætla mér á pall í Brasilíu.“

Eins og komið hefur fram starfar Helgi hjá Össur, sem er leiðandi fyrirtæki í stoðtækjaframleiðslu í heiminum. „Ég starfa í þróunardeildinni og mín vinna er fyrst og fremst að prófa þá hluti sem verið er að búa til, gefa upplýsingar um hvort hlutirnir séu í lagi og hvað má betur gera og ferðast ég mikið um allan heim til að sýna vöruna. Svo þegar koma hópar í heimsókn þá er ég að segja frá minni reynslu og sýna hvernig hlutirnir virka og hjálpa öðrum að læra að nota þá. Þetta er mjög fjölbreytt og skemmtilegt starf og besta starf sem ég hef nokkurn tímann haft. Andrúmsloftið á vinnustaðnum er einstaklega gott og svo stendur fyrirtækið algjörlega við bakið á mér þegar kemur að íþróttunum.“



Helgi Sveinsson er starfsmaður hjá stoðtækjafyrirtækinu Össur þar sem hann starfar í þróunardeild.

Íþróttirnar hafa gefið Helga mikið og segir hann að íþróttirnar hafi nánast gefið honum nýtt líf. „Nú er ég loksins kominn með þá útrás sem ég þarf á að halda og hafa íþróttirnar haft mikil áhrif á mig bæði andlega og líkamlega. Það að geta sett mér markmið og stefnt að því markmið hefur gert það að verkum að ég er nú orðinn mun skipulagðari í öllu sem ég geri hvort sem það er vinna, íþróttir eða einkalífið. Og hvað varðar annað en íþróttir og góða vinnu þá eru það börnin mín tvö, Helga María sem verður 14 ára í desember og Bjarki Freyr sem verður tveggja ára í sama mánuði sem gera það að verkum að ég er hamingjusamur maður í dag.“

-HK

Sjálfsbjörg þakkar stuðninginn



Alþýðusamband Íslands



Tryggjum mannréttindi fatlaðs fólks og viðurkennum að almenningssamgöngur eigi að vera aðgengilegar öllum

Sambandsstjórn Sjálfsbjargar harmaði á fundi sínum 13. október 2012 afstöðu mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar í bókun á fundi ráðsins 18. september 2012 sem staðfest var í borgarráði á fundi þess 20. september 2012 um ferðaþjónustu fatlaðra. Í bókun borgarráðs segir ma.:

Borgarráð leggur áherslu á þau sjálfsgöðu mannréttindi fatlaðs fólks og allra að almenningssamgöngur eigi að vera aðgengilegar öllum. Í lögum um málefni fatlaðs fólks kemur fram að sveitarfélög skulu gefa fótluðu fólki kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatlaðs fólks er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningssfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tólmstunda. Meðan almenningssamgöngur geta ekki mætt þörfum stórs hóps fatlaðs fólks felst virðing við hópinn í því að viðurkenna að hann þarfnist sértækra úrræða og leita leiða til að mæta þeirri þörf.

Mannréttindaráð og borgarráð leggja í bókun sinni „áherslu á þau sjálfsgöðu mannréttindi fatlaðs fólks og allra að almenningssamgöngur eigi að vera aðgengilegar öllum.“ Síðan kemur setning í ályktunum beggja ráðanna sem er með öllu óskiljanleg. „Meðan almenningssamgöngur geta ekki mætt þörfum stórs hóps fatlaðs fólks felst virðing við hópinn í því að viðurkenna að hann þarfnist sértækra úrræða og leita leiða til að mæta þeirri þörf.“ Fulltrúar á sambandsstjórnarfundi Sjálfsbjargar telja að ekki felst virðing við hópinn í því að viðurkenna að hann þarfnist sértækra úrræða. Sambandsstjórnarfundurinn leggur þunga áherslu á að Reykjavíkurborg viðurkenni mannréttindi fatlaðs fólks og að almenningssamgöngur eigi að vera aðgengilegar öllum. Tími sértækra úrræða er liðinn. Ekki er hægt að horfa til baka til 20 ára gamalla laga um málefni fatlaðra heldur ber að horfa fram á við til Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Málefni ferðaþjónustu fatlaðra hafa verið Sjálfsbjörg hugleikin mjög lengi. Samtökin áttu aðild að stofnun ferðaþjónustunnar hér í Reykjavík árið 1977 og hófu samstarf við Reykjavíkurborg á árinu 1979 um rekstur ferðaþjónustunnar. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og háttar nú þannig til og hefur gert lengi að starfsemi ferðaþjónustunnar hér í Reykjavík er hluti af starfsemi Strætó bs. byggðasamlags er sinnir almenningssamgöngum í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir þá staðreynd sinnir Strætó bs. einungis ferðaþjónustu fatlaðra fyrir Reykjavíkurborg.

Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa kosið að semja við einkaaðila um að sinna ferðaþjónustu fatlaðra í sveitarfélögunum með misjöfnum árangri.

Nú eru uppi hugmyndir um að bjóða umrædda þjónustu út í Reykjavík. Sjálfsbjörg landsamband fatlaðra leggst eindregið gegn þeim hugmyndum og færir fyrir því eftirfarandi meginrök. Ferðaþjónusta fatlaðra á að vera hluti af almenningssamgöngum og er því best fyrirkomið hjá Strætó bs. Nær væri að snúa af braut útboða í nágrenna-sveitarfélögum Reykjavíkur og koma ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu að öllu leyti fyrir hjá Strætó bs.

Á heimasíðu Strætó bs. kemur ma. eftirfarandi fram:

Meginhlutverk byggðasamlagsins er að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningssvagna (strætó), ferðaþjónusta fatlaðra og ferðaþjónusta eldri borgara.

Ef ferðaþjónusta fatlaðra yrði flutt burt frá Strætó bs. eru engar líkur til þess að þetta stærsta almenningssamgangn þjónustufyrirtæki landsins sæi sérstaka þörf á því að þróa almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna í þágu allra þegna samfélagsins. Ef Reykjavíkurborg býður út þjónustuna til einkaaðila væri borgin að stíga skref til baka að mati Sjálfsbjargar.

Skorar því Sjálfsbjörg landsamband fatlaðra á borgarráð að staldra nú við og setja samning Sp. um réttindi fatlaðs fólks á þann stall sem hann er á alltént á tyllidögum hjá velferðarráði borgarinnar.

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks:

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var hafður að leiðarljósi við gerð framtíðarsýnar borgarinnar. Í því felst viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum, jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, réttur til aðstoðar við að lifa innhaldsríku lífi og viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum allra.

Ef við leyfum okkur að yfirfæra fyrirhuguð áform framkvæmdahóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem studd hafa verið af velferðarráði borgarinnar um útboð ferðaþjónustunnar á aðgengi að byggingum má álykta að vegna þess að einhver bygging borgarinnar er ekki fyllilega aðgengileg þá yrði brugðið á það ráð að byggja aðra sem sérstaklega væri ætluð fótluðum og engum nema fótluðum.

Takk fyrir stuðninginn

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Búval ehf - Kirkjubæjarklaustur, lðjuvöllum 3
Icelandair Hótel Klaustur, Klausturvegi 6

HVOLSVÖLLUR

Bessi hf, Sóleyjargötu 8
Bragginn sf, bílaverkstæði, Flötum 20

Búhamar ehf, Búhamri 88

Frár ehf, Hásteinsvegi 49

J.R. verktakar ehf, Skildingavegi 8b

Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun,

Ofanleitisvegi 15-19

Langa ehf, Eiðisvegi 5

Pétursey ehf, Flötum 31


Skylið, Friðarhöfn

Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9

Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

Vöruval ehf, Vesturvegi 18

Örn ehf, Strandvegi 69

					púki	<i>krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510</i>	fótmál		drykkur	duglausan		elska	skordýrið
	afkvæmi							➡					
	þegar					fugl ----- stýri		3			stefna ----- greinir		5
<i>Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð.</i>	↓	spírað	skáru						íláti				
eyðast						9	lokur						
næri			dugurinn								dýrahljóð	afundinn	10
skilrúm					áttund		umfram ----- götga			eyja ----- kompan			
sprikl			stífa ----- kusk					↑	þekkt				
	↓	fugl ----- hátiðin				2 eins ----- 2 eins							ílát
glæta					bjarg						gaumgæfa		
hest			röð		náðhús ----- trosnað						eftir		
ákafur						tónn	3 eins	↑	eina til				
líkams- vefur	6				fenginn ----- sæmdin				7		hvað?		fiður
	↓		hristist		1				ávöxtur- inn	lyfti ----- öfug röð		2	
		hamla	eldstæði ----- 2 eins			kvikna ----- skríkuðu						frægð	
ræflar							klístur ----- sperra		8		tónn ----- baks		
	➡							⬆		akk ----- hætta			
	2 eins	4	keyri		fanga ----- glíma				danir				
myntin							form				1001		
ofkæling				tiundina							svifryk		11

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----



Fyrir þig, hjartað mitt



Hjartamagnýl

– Dýrmæt forvörn

75 mg sýrupolnar töflur

Netka: Hjartamagnýl sýrupolnar töflur innihalda 75 mg af asetýlsalícýlsýru. Hjartamagnýl er tekið til að minnka hættuna á að blóðtappar myndist og fyrirbyggja þannig frekari: Hjartaáfall, heilablóðföll, vandamál í hjarta og æðum hjá sjúklingum með hjartaöng, sem er í jafnvægi eða óstöðug. Hjartamagnýl er einnig notað til að koma í veg fyrir myndun blóðtappa eftir ákveðnar tegundir hjartaáðgerða til að vikka eða opna æðar. Ekki er mælt með notkun lyfsins við bráðaaðstæður. Það er eingöngu hægt að nota sem fyrirbyggjandi meðferð. **Skammtar og lyfjagjöf:** Almenn er ráðlagður skammtur 75-160 mg einu sinni á dag. Töflunum skal kyngja heilum með nægilegu magni af vökva. Vegna sýrupolnu húðarinnar skal ekki mylja, brjóta eða tryggja töflurnar. Börnum og unglingum yngri en 16 ára skal ekki gefa asetýlsalícýlsýru, nema samkvæmt læknisráði þegar ávinningur vegur þyngra en áhættan. **Varúðareglur:** Láttu lækinn vita áður en þú tekur Hjartamagnýl ef þú ert með nýrna-, lifra- eða hjartavandamál, ert með eða hefur einhvern tíma verið með vandamál í maga eða smábörnum, ert með háan blóðþrýsting, ert með astma, frjökornaofnæmi, sepa í nefi eða aðra langvinna sjúkdóma í öndunarferum; asetýlsalícýlsýra getur framkallað astmakast, hefur verið með þvagþyrsgigt, færð miklar tíðablæðingar. Þú verður að leita strax til læknis ef einkenni þín versna eða ef þú finnur fyrir alvarlegum eða óvæntum einkennum. Láttu lækinn vita ef þú ætlar að fara í aðgerð þar sem asetýlsalícýlsýra þynnir blóðið. Asetýlsalícýlsýra getur valdið Reye's heilkenni þegar hún er gefin börnum. Reye's heilkenni er sjúkdómur sem kemur órsjaldan fyrir og getur verið lífshættulegur. Af þessari ástæðu skal ekki gefa börnum yngri en 16 ára Hjartamagnýl, nema samkvæmt ráðleggingum læknis. Þú skalt gæta þess að ofþorna ekki þar sem notkun asetýlsalícýlsýru við slíkar aðstæður getur valdið skerðingu á nýrnastarfsemi. Þetta lyf hentar ekki til notkunar sem verkjalyf eða hitalækjandi lyf. **Meðganga og brjóstgjöf:** Leitið ráða hjá lækni eða lyfjafraðingi áður en lyf eru notuð. Þungaðar konur og konur með börn á brjósti skulu ekki taka asetýlsalícýlsýru nema samkvæmt ráðleggingum læknis. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyftu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Ágúst 2012

 **actavis**